



ÍSLAND OG EVRÓPA

# MÓTUM EIGIN FRAMTÍÐ

**SI**

*Samtök iðnaðarins*



## Farsæld til framtíðar

*Meginmarkmið Samtaka iðnaðarins er að rekstrarskilyrði aðildarfyrirtækja þeirra séu eins góð og nokkur kostur er og að iðnaðurinn geti skapað þjóðarbiúinu nauðsynleg verðmæti til þess að standa undir velferð þegnanna.*

Samtök iðnaðarins hafa lagt sig fram um að beita sér þar sem kostur er til þess að ná markmiðum sínum og miðla eftir mætti upplýsingum og fræðslu til félagsmanna sinna, stjórnvalda og almennings.

Í þessu riti, sem hér er fylgt úr hlaði, er fjallað um eitt stærsta hagsmunamál iðnaðarins og um leið þjóðarinnar allrar: Aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru í stað íslensku krónunnar. Það er gefið út í tengslum við Iðnþing 2008 sem er helgað Evrópumálum.

Ritið fjallar um fjölmarga þætti málsins. Leitað er til innlendra og erlendra sérfræðinga og álitsgjafa og reynt að nálgast viðfangsefnið frá sem flestum sjónarhornum.

### Stöðugleiki er höfuðnaúðsyn

Í iðnaði, eins og í öllum öðrum rekstri, er haft að markmiði að skila eigendum sínum arði og þar með starfsmönnum og öllu þjóðfélaginu. Öll atvinnustarfsemi er í eðli sínu áhættusöm, samkeppni er hörð, markaðsaðstæður sibreytilegar og verð á hráefnum og afurðum ræðst á markaði. Stjórnendur

reyna að sjá fyrir þróun mála og draga eins og unnt er úr óvissu og áhættu.

Hlutverk stjórnvalda er að setja atvinnulífínu leikreglur og skapa því umgjörð sem gerir skilyrði til rekstrar eins hagfelld og samkeppnisfær og best gerist annars staðar. Stöðugleiki í efnahagsmálum og starfsskilyrðum er nauðsynlegur til að unnt sé að byggja upp fjölbreyttan og arðsaman iðnað. Þó að margt hafi tekist mjög vel á undanföllum árum og íslenskt atvinnulíf, ekki síst iðnaðurinn, tekið stakkaskiptum, hefur ekki tekist að ná tókum á mikilvægum þáttum sem skipta atvinnulífið sköpum. Stemma þarf stígu við því að íslensk efnahagsmál verði sett í spennitreyju þeirra sem geta nýtt sér smæð hagkerfis okkar og gjaldmiðils sér til hagsbóta án þess að leggja nokkuð af mörkum til íslensks samfélags. Útgefendur jökla- eða krónubréfa sækjast eftir miklum hagnaði sem vaxtamunur milli Íslands og annarra ríkja skapar. Sá ágóði er sóttur í greipar íslensks atvinnulífs og almennings.

Brýnt er að skipa málum þannig að möguleikar okkar til þess að halda í skefjum þáttum eins og verðbólgu, vöxtum, gengissveiflum og viðskiptahalla séu sem allra bestir. Hugsu þarf til langs tíma en hefjast handa strax. Engar skammtímalausnir eru til og ekkert leysir okkur undan eigin ábyrgð í þessum efnum. Hins vegar er hægt að velja þær leiðir sem eru líklegri en aðrar til að stuðla að betra jafnvægi og tryggja þannig vöxt og viðgang atvinnulífs sem getur staðið undir kröfum um lífskjör sem við viljum búa við.



Stöðugleiki í efnahagsmálum og starfskilyrðum er nauðsynlegur til að unnt sé að byggja upp fjölbreyttan og arðsaman iðnað. Þó að margt hafi tekist mjög vel á undanförunum árum og íslenskt atvinnulíf, ekki síst iðnaðurinn, tekið stakkaskiptum, hefur ekki tekist að ná tökum á mikilvægum þáttum sem skipta atvinnulífið sköpum.

### Mótum okkar eigin framtíð

Íslendingar hafa skipað sér í sveit þeirra Evrópuþjóða sem hafa kosið að starfa náið saman. Síðustu áratugi hafa verið stigin mikilvæg skref í þessum efnunum. Öll hafa þau skilað okkur aukinni efnahagslegri velgengni. Um það efast enginn þótt ekki hafi skort úrtöluraddir og hrakspár í hvert sinn. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið felur í sér að við göngumst undir allar ákvarðanir Evrópusambandsins á öllum mikilvægustu sviðum atvinnulífs okkar, þó ekki að fullu varðandi sjávarútveg og landbúnað. Hingað til höfum við látið okkur lynda að hafa mjög takmörkuð áhrif og vera

fjarverandi í öllum þeim stofnunum hins evrópska samstarfs sem móta framtíð okkar. Mál er að við stígum skrefið til fulls og tökum ákvörðun um að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Stærsta breytingin, sem í því felst, er að við getum þá að fullnægðum skilyrðum orðið aðilar að Efnahags- og myntbandalagi ESB og tekið upp evru. Með aðild að ESB sköpum við enn betri skilyrði til vaxtar og stöðugleika en við getum nokkurn tíma gert utan þess.

Jón Steindór Valdimarsson  
framkvæmdastjóri



## Ísland og Evrópa – Mótum eigin framtíð

Ísland og Evrópa – Mótum eigin framtíð, er gefið út í tengslum við Iðnhjúp 2008. Árni Snævarr sá um ritstjórn í samvinnu við starfsfólk SI. Ritíð og sjónvarpsefni sem framleitt var af sama tilefni byggist á viðtölum við hátt á þriðja tug einstaklinga á Íslandi og erlendis. Megináhersla var lögð á að kynna sjónarmiðum fólks í atvinnulífinu auk sérfróðra fræði- og blaðamanna. Þá var rætt við tvo framkvæmdastjóra Evrópusambandsins, þingmenn á Evrópuþinginu og fræðimenn í Brussel.

#### Viðmælandur á Íslandi:


Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs  
Aðalsteinn Leifsson, lektor, Háskólanum í Reykjavík  
Birgir Tjörvi Pétursson, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál  
Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI  
Björg Thorarensen, prófessor í lögum, Háskóla Íslands  
Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands  
Einar Páll Tamimi, stjórnarformaður Evrópuáttarstofnunar Háskólans í Reykjavík  
Erna Bjarnadóttir, deildarstjóri, Bændasamtökum Íslands  
Grímur Atlason, bæjarstjóri, Bolungarvík  
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Rannsóknarstjóri hjá Capacent  
Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands  
Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði, Háskóla Íslands  
Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP hf.  
Hörður Arnarson, forstjóri Marels  
Kristján Þórarinnsson, sérfræðingur hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna  
Ólafur Stephensen, ritstjóri 24 stunda

Sigrún Davíðsdóttir (Lundúnur) og Sigurður Hróarsson (Ljubljana) bregða upp svipmyndum af Evrópusambandinu séð frá löndunum þar sem þau búa. Ritíð byggist einnig á útgefnu efni á borð við Evrópuskýrslu nefndar sem forsætisráðherra skipaði, ýmsum úttektum utanríkisráðuneytisins, ýmissa samtaka atvinnulífsins og rannsóknnum íslenskra fræðimanna.

Silja Bára Ómarsdóttir, forstöðumaður, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands  
Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður, Bygðastofnun  
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA  
Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins

#### Viðmælandur í Brussel:

Anneli Jäätteenmäki, fyrrv. forsætisráðherra Finnlands og þingmaður á Evrópuþinginu  
Daniel Gros, forstjóri Center for European Policy Studies (CEPS)  
Diana Wallis, þingmaður á Evrópuþinginu  
Hans Martens, forstjóri European Policy Center (EPS)  
Indriði Benediktsson, vísindafulltrúi ESB  
Mark Burgess, forstöðumaður World Security Institute  
Jens-Peter Bonde, þingmaður á Evrópuþinginu  
Joe Borg, sjávarútvegssjóri í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins  
Michael Emerson, sérfræðingur í Evrópumálum, Center for European Policy Studies (CEPS)  
Olli Rehn, stjórnandi samningaviðræðna við ný aðildarríki í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins  
Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands hjá ESB



## Stöðugleiki kallar á evru – en hún er engin skyndilausn

– *Stöðugleiki í gengismálum, lágt vaxtastig, hagur bankakerfisins og vonir um erlendar fjárfestingar skýra áhuga fyrirtækja á nýjum gjaldmiðli.*

Það blés ekki byrlega fyrir evrunni þegar henni var ýtt á úr vör. Evruseðlar og mynt leystu af hólmi gjaldmiðla borð við þýska markið, franska frank-ann og ítölsku líruna um áramótin 2001-2.

Í stað þess að verða í einu veffangi heimsmynt lækkaði gengi evrunnar stöðugt gagnvart Bandaríkjadal fyrsta árið sem hún var gjaldmiðill Evrópu-þjóðanna tólf sem riðu á vaðið. Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra og nú Seðlabankastjóri, var ekki einn um að telja hana handónýta mynt og líkti henni við gjaldmiðla Kúbu og Norður-Kóreu. Fátt benti því til þess í fyrstu að evran yrði valkostur á Íslandi í fyrirsjáanlegri framtíð, allra síst ef Ísland gengi ekki í Evrópusambandið. Einmitt þetta ár, 2002, voru sviptingar í íslenskum efnahagsmálum og kannski verður litið á þann tíma sem gullöld krónunnar. Árið 2001 höfðu verið tekin upp verðbólugumarkmið við stjórn peningamála og krónan var sett á flot. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands, segir að krónan hafi einmitt þá reynst mjög vel við að ná tókum á viðskiptahalla á aðeins einu ári, „sem ég held að sé heimsmet“.


Þegar komið var fram á árið 2007 höfðu aðstæður hins vegar gjörbreyst.

Íslenskur sjávarútvegur hefur löngum verið helsti útflutningsatvinnuvegur þjóðarinnar og hagstjórn yfirleitt tekið mið af hagsmunum hans. Þegar illa áraði í sjávarútvegi var yfirleitt gripið til gengisfellingar, beint eða óbeint.

Lífið er ekki lengur bara saltfiskur á Íslandi eins og *Vilhjálmur Egilsson*, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins bendir á. „Það markaði ákveðin þáttaskil, sérstaklega fyrir sjávarútveginn, þegar tilkynnt var um niðurskurð þorsstofnsins í haust að gengið hækkaði á eftir. Þetta sýndi betur en nokkuð annað að sjávarútvegurinn hefur ekki nærri sömu áhrif á gengið og áður. Venjulega hefur niðursveifla í sjávarútvegi verið ávísun á lægra gengi en núna fer þetta frekar eftir fjármálageiranum en hefðbundnu atvinnugreinunum.“

Á um áratug hefur samsetning útflutningstekna Íslendinga gjörbreyst. Árið 1997 sóttu Íslendingar helming útflutningstekna sinna í greipar hafsins en tíu árum síðar var hlutfallið aðeins um þriðjungur.

Sveiflur í gengi íslensku krónunnar síðustu misserin má rekja til annarra þátta en ástands fiskistofna. Fjármagn flæðir frjálst á evrópska efnahagssvæðinu og þetta hefur haft áhrif á Íslandi. Edda Rós Karlsdóttir bendir á að þurft hafi að hækka vexti gríðarlega til að slá á þenslu. „Við það hafa útlendingar komið og leikið á krónuna og innlendir aðilar líka. Spurning er hvort við höfum þau tók á krónunni



Það markaði ákveðin þáttaskil, sérstaklega fyrir sjávarútveginn, þegar tilkynnt var um niðurskurð þorsstofnsins í haust að gengið hækkaði á eftir. Þetta sýndi betur en nokkuð annað að sjávarútvegurinn hefur ekki nærri sömu áhrif á gengið og áður. Venjulega hefur niðursveifla í sjávarútvegi verið ávísun á lægra gengi en núna fer þetta frekar eftir fjármálageiranum en hefðbundnu atvinnugreinunum.

sem við höfum haft, hvort hún er sá aðlögunar-mekanismi sem hún hefur verið. Hún er ef til vill farin að spila með og auka á sveiflurnar.“



Gengissveiflurnar hafa leikið útflutningsfyrirtækin grátt. Tekjurnar eru í erlendri mynt en kostnaðurinn í íslenskum krónum og þegar gengi krónunnar getur breyst eins og hendi sé veifað getur hagnaður af viðskiptum horfið á einni nóttu.

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, segir óstöðug-leika undanfarinna ára þannig hafa dregið mjög úr framkvæmdaþori fyrirtækja enda erfitt um vik að gera áætlanir þegar gengið sveiflist upp og niður. Mörg fyrirtæki á Íslandi afla meginhluta tekna sinna eða jafnvel allra í erlendri mynt og gera upp í dollurum, pundum eða, í sívaxandi mæli, í evrum.

Flestra augu beinast að evrunni enda verulegur hluti erlendra viðskipta okkar við evrusvæðið, helmingur útflutnings og um þriðjungur innflutnings.

Adalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, segir þetta ekki síst valda minni fyrirtækjum búsifjum en þau megi illa við því að verja kröftum sínum í gengismálin. „Við hugsum stöðugt um hvort viðskiptin eigi að vera í dollurum eða annarri mynt. Í stað þess að einblína á reksturinn, vöruþróun og markaðstækifæri eyðum við orku okkar og tíma í þetta.“

Dorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins og fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að reynslan sýni okkur að krónan dugi ekki og að við þurfum að huga að því





hvernig bregðast eigi við í þeirri stöðu. „Nærtækasti kostur, sem við höfum er evran. Við þurfum að setja okkur skýr markmið svo að innan þriggja ára eða svo höfum við komið okkur í þá aðstöðu að geta tekið ákvörðun um hvert skuli halda.“

*Vilhjálmur Egilsson*, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir það vissulega kost að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil enda sé þá hægt að bregðast við sérstökum aðstæðum með að gengið hækki eða lækki eftir atvikum. Kostirnir við evruna séu hins vegar þeir að gengisáhættan hyrfi, starfsumhverfið yrði fyrirsjáanlegra þegar íslenskt efnahagslíf öðlaðist þann stöðugleika og kæmist á það vaxtastig sem ráðandi væri á evrusvæðinu. Hörður í Marel segir hátt vaxtastig síðastliðin sex ár hafa rýrt samkeppnisfærni íslenskra fyrirtækja. „Vaxtastigið ákvarðar grundvallararðsemiskröfu fyrirtækja og við svo hátt vaxtastig verður hún svo há að fyrirtæki eiga erfitt með að réttlæta fjárfestingar.“

Hörður bendir einnig á að krónan hindri íslensk fyrirtæki í að laða að sér erlenda hlutabréfafjárfesta. „Hlutabréfafjárfestarnir skilja ekki gengisáhættu. Þeir forðast íslensk fyrirtæki. Þeir skilja ekki íslensku krónuna.“


*Edda Rós Karlsdóttir* segir alveg ljóst að „bankakerfið sé sennilega orðið of stórt fyrir

krónuna“. Hún telur að erlendis hafi menn ekki trú á því að svo lítið land geti stutt við bankana ef í nauðir ræki. „Þetta tengist krónunni, smæð landsins og stærð bankakerfisins. Þetta væri ekki sami vandi ef við værum í stærri mynt.“

Eins og staðan er, árið 2008, fullnægir Ísland aðeins einu af svokölluðum Maastricht-skilyrðum fyrir upptöku evru en það er jafnvægi í ríkisbúskap. Öðrum skilyrðum um gengisjafnvægi, lága verðbólgu og vexti fullnægjum við ekki.

*Edda Rós Karlsdóttir* segir að hugsanleg upptaka evrunnar myndi gera miklar kröfur til stjórnvalda. „Það þyrfti að grípa til mikilla aðhaldsaðgerða ef þensla er mikil eða hætta á verðbólgu og þær aðgerðir gætu orðið mjög miklar. En ég held að ef við förum inn í evruna muni þetta koma með tímanum en við gætum fengið harðan skell í upphafi.“

*Ólafur Stephensen*, stjórn málafræðingur og ritstjóri 24 stunda, segir að við þurfum að taka til í efnahagslífinu, hvort sem okkur líki betur eða verr, og taka einmitt á þeim þáttum sem eru hluti af Maastricht-skilyrðunum. „Við þurfum á átaki að halda til að ná tókum á genginu, vöxtunum og verðbólgunni, eftir það hjálpar evran en hún er engin skyndilausn.“



Efnahags- og myntbandalag  
Evrópu felur ekki einungis í sér  
upptöku sameiginlegrar myntar  
heldur einnig samræmingu  
peninga- og gengismála  
aðildarríkjanna og samstarf um  
efnahagsstefnu.

## Aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu

Aðild að Evrópusambandinu er forsenda þess að vera formlegur þátttakandi í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Maastricht-sáttmálinn gerir ráð fyrir því að ný aðildarríki ESB taki upp evru en á því eru þó undantekningar. Það getur fyrst gerst tveimur árum eftir inngöngu og þá aðeins að stöðugleika-skilyrði Maastricht-sáttmálans séu uppfyllt. Telji stofnanir ESB að skilyrðin séu uppfyllt er umsóknin send ráðherraráði ESB til samþykktar eða synjunar.

Fyrsta skrefið yrði þó að sækja um aðild að ERM II en það er kerfi sem felur í sér að gjaldmiðill viðkomandi ríkis er tengdur við evru á föstu gengi en fær að sveiflast um 15% frá miðgildi. Sedlabanki Evrópu og Íslands myndu í sameiningu verja markmiðið. Kerfinu er ætlað að laga viðkomandi aðildarríki ESB að skilyrðum og efnahagsumhverfi evrunnar. Við inngöngu í ERM II yrði samið sérstaklega við okkur um innleiðinguna í ljósi þeirra aðstæðna sem hér ríkjja.

Efnahags- og myntbandalag Evrópu felur ekki einungis í sér upptöku sameiginlegrar myntar heldur einnig samræmingu peninga- og gengismála aðildarríkjanna og samstarf um efnahagsstefnu. Aðildarríkin hafa gert með sér samkomulag um stöðugleika og vöxt sem undirstrikar mikilvægi þess

að draga úr skuldum hins opinbera og hallarekstri ríkissjóðs og halda verðbólgu í skefjum. Skilyrðin voru sett fram í Maastricht-sáttmálanum, en þeim er ætlað að tryggja að ekki sé of mikill munur á efnahagslífi þáttökuríkjanna og að fjármálastefna sé sem mest í takt við aðhaldssama peningamálastefnu sem óumflýjanlega fylgir stóru myntbandalagi.

### Skilyrðin eru:

- ✓ Verðstöðugleiki: Verðbólga má ekki vera meiri en 1,5% umfram meðaltal verðbólgu í þeim þremur evruríkjum þar sem hún er lægst.
- ✓ Jafnvægi skal vera í ríkisrekstri: Halli í ríkisrekstri má ekki vera umfram þrjú prósent af landsframleiðslu. Skuldir hins opinbera mega ekki vera meiri en nemur 60% af landsframleiðslu.
- ✓ Gengisstöðugleiki: Gengi skal hafa haldist innan plús/mínus fimmtán prósent fráviksmarka gagnvart evru í tvö ár.
- ✓ Langtímavextir: Nafnvextir ríkisskuldabréfa til tíu ára skulu ekki vera hærri en tvö prósent umfram samsvarandi vexti í þeim þremur evruríkjum sem hafa lægsta verðbólgu.

# Vaxandi efasemdir um upptöku evru án ESB-aðildar

– *Einhliða upptaka evru er tæknilega möguleg en ótrúverðug án bakhjarls seðlabanka, dýr og pólitískt áhættusöm.*

Evrópusambandið er mótfallið því að ríki sem ekki eiga aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu taki upp evruna en hins vegar er slíkt tæknilega mögulegt. „Ísland yrði að ganga í Efnahags- og myntbandalag Evrópu og uppfylla efnahagsleg skilyrði,“ segir Olli Rehn umsjónarmaður samningaviðræðna við umsóknarríki hjá Evrópu-sambandinu.

Þetta þýðir að tæki Ísland upp evruna einhliða yrði það í óþökk ESB og án þess að hafa Seðlabanka Evrópu að bakhjarli. Geir H. Haarde forsætisráðherra lýsti því yfir á Viðskiptaþingi í febrúar 2008 að þetta kæmi ekki til greina. „Slíkt er ekki trúverðugt og því fylgir margs konar óhagræði og kostnaður.“

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, tekur í sama streng. „Fyrir fjármálafyrirtæki er óstöðugleiki

byrði. Við verðum að hafa aðgang að Seðlabanka með evrur,“ segir hann og telur þá staðreynd eina í raun útiloka upptöku myntarinnar hér á landi.

Samkvæmt EES samningnum ber Íslandi að hafa samráð við ESB um efnahagsmál og gæti svo þýðingarmikil aðgerð eins og upptaka evru því ekki átt sér stað með því að virða ESB að vettugi. Af þeim sökum þykir pólitísk áhætta felast í slíku sem hugsanlega gæti haft áhrif á framkvæmd EES samningsins.

Birgir Tjörvi Pétursson hjá Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál segir að ekki beri að taka of alvarlega að ESB hafi „ekki velþóknun“ á að Ísland taki einhliða upp evruna. „Það eru pólitískar ástæður að baki því, en það er ekki þar með sagt að það sé ekki möguleiki.“

**Svartfjallaland með evru en enga banka**  
Tæknilega, að minnsta kosti, er hægt að taka upp evru einhliða.

„Þetta er vissulega möguleiki eins og best sést á dæmi Svartfjallalands,“ segir Daniel Gros, forstjóri hugveitunnar Center for European Policy Studies.

Það er síður en svo óþekkt að ríki notist við mynt annarra þjóða og nú þegar notast til dæmis Svartfellingar og Kósóvó-búar við evruna í krafti sögulegra tengsla við þýska markið. Þá notuðust

## 60 - 70 milljarðar

Ríkið þarf að kaupa evrur fyrir 60 - 70 milljarða króna og verður árlega af 6 til 10 milljörðum króna í myntsláttuhagnað.

(Ásgeir Jónsson, greiningardeild Kaupþings)





*Efnahagur Svartfjallalands er mjög vanþróaður og það er varla hægt að tala um nokkurt bankakerfi öfugt við Ísland. Þess vegna yrði þetta mun viðkvæmara fyrir Ísland. Sérstaklega í ljósi andstöðu stofnana Evrópusambandsins við að Ísland taki upp evruna.*

Mónakó og Andorra við franka og peseta en tóku upp evru þegar gjaldmiðlar Frakklands og Spánar hurfu úr sögunni.

Ekki er úr vegi að líta á Svartfjallaland sem er tvisvar sinnum fjölmennara ríki en Ísland. Svartfjallaland lýsti yfir sjálfstæði frá Serbíu 2007 en í stað þess að taka upp eigin mynt ákváðu stjórnvöld að notast við evruna. Skýringin var sú að þýska markið hafði verið tekið upp á tímum upplausnar Júgóslavíu og sama var upp á teningnum í Kósóvó sem losnaði undan yfirráðum Serbíu 1999. Daniel Gros segir hins vegar að ólíku sé saman að jafna því íslenskur efnahagur sé mun þróaðri en raunin er á vestanverðum Balkanskaganum. „Efnahagur Svartfjallalands er mjög vanþróaður og það er varla hægt að tala um nokkurt bankakerfi öfugt við Ísland. Þess vegna yrði þetta mun viðkvæmara fyrir Ísland. Sérstaklega í ljósi andstöðu stofnana Evrópusambandsins við að Ísland taki upp evruna.“

Á fundi Samtaka atvinnulífsins 21. janúar 2008 kom fram hjá Ásgeiri Jónssyni forstöðumanni greiningardeildar Kaupþings að ef evra yrði tekin upp einhliða þyrfti ríkið að kaupa allar krónur í umferð og setja evrur í staðinn. Það myndi kosta um það bil 60 til 70 milljarða króna eða sem næmi hálfum gjaldeyrisvarasjóðnum. Þessum kostnaði til viðbótar kæmi svo tap svokallaðs myntsáttuhagnaðar og gæti það numið á bilinu 6 til 10 milljörðum á hverju ári.

#### Fordæmi örríkja

Daniel Gros bendir hins vegar á að auk aðildar að ESB og einhliða upptöku evru sé þriðji möguleikinn sá að reyna samninga við Seðlabanka Evrópu á svipaðan hátt og örríkin Mónakó og Andorra hafa gert í krafti fornra tengsla við Frakkland og Spán.

„Það er hægt að ímynda sér samkomulag við Seðlabanka Evrópu um hve margir evruseðlar og -myntir yrðu prentaðar og um tengsl íslenska bankakerfisins við bankakerfið á evrusvæðinu.“

Jürgen Stark, stjórnarmaður í Seðlabanka Evrópu var ræðumaður á Viðskiptaþingi í febrúar 2008. Hann sagði að bankinn legðist gegn einhliða upptöku evru en lagði áherslu á að nýliðar væru velkomnir. „Þeir verða hins vegar að koma inn um framdyrnar, ekki bakdyrnar.“



*Geir H. Haarde lýsti því yfir á Viðskiptaþingi 2008 að einhliða upptaka evru kæmi ekki til greina „Slíkt er ekki trúverðugt og því fylgir margs konar óhagræði og kostnaður.“*



## Krónan kostaði fjögurra manna fjölskyldu 1,7 milljónir árið 2007

– Þá myndi Evrópusambandsaðild lækka matarreikning fjögurra manna fjölskyldu um allt að 215 þúsund á ári og almennt neysluverð um 15%.

Miðað við skuldir heimilanna í íslenskum krónum árið 2007 hefði vaxtabyrði fjögurra manna fjölskyldu verið nærri 1,7 milljónum minni á því ári ef vextir hérlendis hefðu verið þeir sömu og á evrusvæðinu. Sérfræðingar eru á einu máli um að vextir lækki hérlendis til samræmis við evrusvæðið ef Ísland tekur upp evruna.

Árið 2007 var vaxtamunurinn að jafnaði 9,5% miðað við evruna sem þýðir að rekstur krónunnar árið 2007 kostaði heimilin 130 milljarða eða um 416 þúsund krónur á mann. Athuganir sérfræðinga benda einnig til að aðild að Evrópusambandinu – hvort sem evra fylgdi í kaupbæti eða ekki – myndi almennt lækka neysluverð um allt að 15%. Þar af myndi matarverð lækka um 25% og föt og skór um 35%. Það eitt út af fyrir sig myndi þýða að ráðstöfunartekjur heimilanna hækkuðu um 5% eða um 18 þúsund á mánuði.

*Guðmundur Gunnarsson*, formaður Rafiðnaðarsambandsins segist horfa á Evrópusambandsaðild nokkuð öðrum augum en margir félaga sinna í verkalýðshreyfingunni, hugsanlega vegna búsetu sinnar

og barna sinna í Evrópusambandsríkjum og þátttöku í alþjóðlegu starfi. „Ég hef getað fylgst með hvornig kaupin gerast á eyrinni hvað varðar matarverð, vexti, þjónustugjöld bankanna og fleira. Vegna alls þessa finnst mér hreinlega vera siðferðisleg skylda að tala við Evrópusambandið og sjá hvað þar stendur til boða.“

### Kostnaður við krónuna er gifurlegur

Samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands námu skuldir íslenskra heimila í árslok 2007 um 1.500 milljörðum króna eða sem svarar tæpum 5 milljónum króna á mann. Af þessum skuldum eru um 840 milljarðar við bankakerfið en afgangurinn við lífeyrissjóði, lánasjóð íslenskra námsmanna og aðra lánastofnanir. Aðeins ríflega 9% af heildarskuldum heimilanna eru erlend lán en samt hefur einna mestur vöxtur verið í slíkum lánnum.

*Bjarni Már Gylfason*, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins bendir hins vegar á að skuldir einar og sér segja ekki nema hálfá sögu því á bak við þær eru eignir. „Sem betur fer hafa eignir landsmanna líka vaxið mikið. Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að kostnaðurinn við skuldir í íslenskum krónum, samanborið við skuldir í öðrum myntum, er gríðarlegur. Sá kostnaður er í raun fórnarkostnaður við áframhaldandi notkun krónunnar á Íslandi.“ En hvað er þessi kostnaður mikill?

„Kostnaðurinn ræðst af vöxtum og vaxtamun við útlönd. Undanfarin ár hefur vaxtamunurinn verið mikill og í árslok 2007 var hann um 9,75% miðað við evru sem þýðir að rekstur krónunnar árið 2007 kostaði heimilin 130

### 130 milljarðar

Kostnaður heimilanna við rekstur krónunnar 2007.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Raf-  
iðnaðarsambandsins segist horfa á Evrópu-  
sambandsaðild nokkuð öðrum augum en  
margir félagar sinna í verkalyðshreyfingunni,  
hugsanlega vegna búsetu sinnar og barna  
sinna í Evrópusambandsríkjum og þátttöku  
í alþjóðlegu starfi. „Ég hef getað fylgst með  
hvernig kaupin gerast á eyrinni hvað varðar  
matarverð, vexti, þjónustugjöld bankanna  
og fleira. Vegna alls þessa finnst mér  
hreinlega vera siðferðisleg skylda að tala við  
Evrópusambandið og sjá hvað þar stendur  
til boða.“

## Útgjöld heimila á Íslandi 2004-2006 í þús. króna

|                              |       |        |
|------------------------------|-------|--------|
| Matur og drykkjarvörur       | 566   | 12,8%  |
| Áfengi og tóbak              | 126   | 2,9%   |
| Föt og skór                  | 209   | 4,7%   |
| Húsnæði                      | 1.129 | 25,6%  |
| Húsgögn                      | 282   | 6,4%   |
| Heilsugæsla                  | 148   | 3,4%   |
| Ferðir og flutningar         | 725   | 16,4%  |
| Póstur og sími               | 142   | 3,2%   |
| Tómstundir og mennig         | 558   | 12,6%  |
| Menntun                      | 31    | 0,7%   |
| Hótel og veitingahús         | 212   | 4,8%   |
| Aðrar vörur og þjónusta      | 287   | 6,5%   |
| Neysluútgjöld alls 2004-2006 | 4.414 | 100,0% |

Heimild: Hagstofa Íslands

milljarða eða um 416 þúsund krónur á hvern mann. Í  
eðli sínu er líka kostnaður fólginni í því að taka erlend  
lán því þeim fylgir gengisáhætta sem hægt er að  
verðleggja.“

Yfir lengri tímabil er vaxta munurinn ekki svo mikill og  
verulegt ójafnvægi hefur einkennt íslenskt efnahagslíf.  
„Reikna má með að þegar íslenska þjóðarþúið er í  
jafnvægi sé vaxtamunurinn um 3%. Fórarkostnaður  
þess að nota krónu umfram evru er því 3% af hverri  
krónu sem við skuldum eða sem svarar 41 milljarði  
árlega miðað við núverandi skuldir. Það eru um 540  
þúsund krónur á ári fyrir hverja fjögurra manna fjöl-  
skyldu. Rétt er þó að taka fram að þetta er ekki hreinn  
kostnaður sem leggst á þjóðarþúið þar sem talsverður  
hluti af þessum vaxtagjöldum telst til vaxtatekna hjá  
öðrum,“ segir Bjarni Már.

### ESB matarverð gæti samsvarað 5% hækkun rauntekna

Samkvæmt rannsóknnum Hagstofunnar á neyslu-  
venjum íslenskra heimila voru neysluútgjöld fyrir árin  
2004-2006 ríflega 4,4 milljónir á ári fyrir hverja  
fjölskyldu. Á hverju heimili búa 2,47 einstaklingar að  
meðaltali, tæplega 0,9 barn og 1,6 fullorðinn. Þrátt fyrir  
að vægi matvæla í heildarútgjöldum hafi minnkað  
talsvert síðustu árin vega þau enn þungt eða tæplega  
13%. Hjá tekjulægri fjölskyldum er vægið mun meira.  
Venjuleg fjölskylda eyðir 566 þúsund á ári í mat og  
drykk og þá er áfengi og tóbak undanskilið.


Samkvæmt rannsókn Hagstofunnar eru ráðstöfunar-  
tekjur meðalheimilis 390 þúsund á mánuði. Talsverðar  
rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum aðildar að  
Evrópusambandinu og upptöku evru á neysluverð.  
Samkvæmt athugunum dr. Jóns Þórs Sturlusonar,  
hagfræðings má gróflga gera ráð fyrir að matvæli geti

lækkað um 25% og föt og skór um 35% við inngöngu í  
Evrópusambandið og upptöku evru. Gera má ráð fyrir  
að árleg útgjöld venjulegrar fjölskyldu lækki um 215  
þúsund eða um 18 þúsund á mánuði bara vegna  
þessara tveggja liða. Það jafngildir tæplega 5%  
aukningu ráðstöfunartekna heimila. Hér er ekki gert  
ráð fyrir að verðlag á Íslandi verði svipað og gengur og  
gerist í löndum Evrópusambandsins heldur í þrengri  
hópi ríkja sem eru sambærileg hvað varðar velmegun,  
skatta og samkeppnisumhverfi.

Hvað varðar almennt neysluverð hefur það verið  
metið sem svo að það geti lækkað um 15%. Óvissan er  
þó nokkur og áhrifin gætu verið mörg ár að koma fram.  
Ástæðan er fyrst og fremst sú að upptaka evru og aðild  
að Evrópusambandinu skapar ný tækifæri. Sam-keppni  
myndi aukast og Ísland yrði aðili að hindranalausum  
markaði fyrir ýmsar vörur.



## SKIPTING Á 1.500 MILLJARÐA SKULDUM ÍSLENSKRA HEIMILA Í ÁRSLOK 2007



Heimild: Seðlabanki Íslands

## Gengisáhættan kostar tíma og peninga

*Gengi krónunnar á hverjum tíma varðar alla landsmenn og miklar sveiflur koma illa við flesta. Það er mannlegt eðli að fordást áhættu en við ákveðin skilyrði er það skynsamleg ákvörðun að taka hana sé mögulegur ávinningur nógu mikill. Þar sem munur á vöxtum innanlands og erlendis hefur verið afar mikill er freistandi að fjármagna rekstur fyrirtækja með erlendu lánsfé. Það kostar hins vegar sitt og áhættan er talsverð, bæði fyrir fyrirtækin sjálf og hagkerfið í heild sinni.*

Verðlagsstöðugleiki er helsta markmið Seðlabanka Íslands. Það hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi frá því núverandi stefna var tekin upp árið 2001. Verðbólga hefur yfirleitt verið vel yfir 2,5% markmiði bankans. Til að ná markmiðinu hefur bankinn í raun aðeins yfir einu stýritæki að ráða en það eru stýrivextir. Það eru þeir vextir sem gilda í viðskiptum Seðlabankans og viðskiptabankanna og móta því almennt vaxtastig í landinu.


Baráttan við verðbólgu og gengisþróun krónunnar eru hins vegar nátengd fyrirbæri. Vextir hafa veruleg áhrif á gengi gjaldmiðla því almennt gildir að hækkan vaxta þýðir að gengi gjaldmiðilsins styrkist. Þegar gengið styrkist lækkar verð á innfluttum vörum og þar með lækkar verðlag og verðbólga minnkar.

Á málstofu í Seðlabankanum í febrúar 2007 sagði *Friðrik Már Baldursson*, prófessor við Háskólann í

Reykjavík, að afar erfiðlega hefði gengið að ná verðbólgu markmiðinu þótt vextir hér séu mjög háir miðað við viðskiptalöndin. „Seðlabankinn hefur hins vegar átt við ramman reip að draga. Fjárfestingar jukust árlega um 25% á árunum 2004-2006, skattalækkanir eflu heildareftirspurn í hagkerfinu og það sama gerðist þegar verð á ýmsum eignum s.s. húsnæði og hlutabréfum hækkaði í verði. Peningastefnan virðist engu að síður fremur máttlítil. Ástæðan er að stærstum hluta sú að peningastjórnun með verðbólgu markmið að leiðarljósi er einfaldlega mun erfiðari á Íslandi en í öðrum löndum. Ýmsar rannsóknir styðja það.“

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, segir að almennt eigi hærrí vextir að draga úr neyslu og fjárfestingum og hvetja til aukins sparnaðar. „Vandinn er sá að í alþjóðavæddum heimi er öllum frjálst að taka lán þar sem bestu kjörin bjóðast. Þegar vextir eru háir á Íslandi snúa menn sér einfaldlega annað og vaxtamunurinn réttlætir þá áhættu sem erlendum lántökum fylgja. Afleiðingin er hins vegar sú að áhættustig hagkerfisins vex og hættan á gengiskollsteypu er talsverð þegar erlendu lánsfé er dælt inn í hagkerfið í svo miklu magni sem raun ber vitni.“

Bjarni segist efnis um áhrifamátt sífelldra vaxtahækkana til að berjast við verðbólgu á Íslandi. „Gengið styrkist yfirleitt strax í kjölfar vaxtahækkunar. Það eykur á einkaneyslu þar sem innfluttar vorur verða ódýrari. Það er þvert á markmið Seðlabankans. Reyndar hefur þetta þau áhrif að verðbólga lækkar en




Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir að frá árinu 2001 hafi Ísland verið vettvangur tilraunar þar sem tekið var upp verðbólguþæðing sem felst í að reka sjálfstæða mynt á smærra markaðssvæði en áður hefur þekkt. „Og dómurinn? Eðlilega má spyrja hvort atvinnulífið hafi í raun kveðið upp dóm um hana með því að hverfa frá krónunni jafnt og þétt og halla sér í aðra átt.“

fyrir eða síðar gefur gengið eftir. Þá er óhjákvæmilegt að verðbólga aukist á ný. Þetta getur líka þýtt að erfitt sé að hefja vaxtalækkunarferli þar sem lækkun vaxta hefur þau áhrif að gengi krónunnar getur lækkað og verðbólga aukist. Það er þvert á markmið bankans.“


Hilmar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, segir að vissulega geti sveiflur í genginu reynst erfiðar viðfangs en stundum sé hægt að nýta sér það háa vaxtastig sem ríkir í landinu. „Við tökum einfaldlega erlent lán fyrir áætluðum tekjum á árinu í sömu körfu og tekjurnar. Þessari upphæð er síðan skipt yfir í krónur og við nýtum okkur þá háu vexti sem nú eru í boði. Þessar vaxtatekjur eru síðan nýttar í reksturinn. Ef við gerum þetta skiptir ekki miklu

máli hvort krónan styrkist eða veikist því höfuðstóll lánsins, sem er jafnhár áætluðum tekjum, breytist eins. Það má eiginlega segja að við höfum einhliða lagt niður íslensku krónuna í okkar rekstri.“

Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir í grein í *Vísbandingu* í nóvember 2007 að frá árinu 2001 hafi Ísland verið vettvangur tilraunar þar sem tekið var upp verðbólguþæðing sem felst í að reka sjálfstæða mynt á smærra markaðssvæði en áður hefur þekkt. „Hartnær sjö ára reynsla hefur fengist af þessari tilraun og henni er því lokið sem slíkri. Og dómurinn? Eðlilega má spyrja hvort atvinnulífið hafi í raun kveðið upp dóm um hana með því að hverfa frá krónunni jafnt og þétt og halla sér í aðra átt.“



### STÝRIVEXTIR OG VAXTAMUNUR 2001-2008





## Minnkandi áhrif á löggjöf EES ýta undir umræðu um aðild

– Ótti við fullveldisafsal var ein af röksemdum fyrir EES en áhrif á löggjöf eru lítil í reynd og neitunarvaldi aldrei verið beitt.

Þegar Evrópuríki undir forystu Frakka og Þjóðverja ákváðu, skömmu eftir seinni heimsstyrjöldina, að deila með sér fullveldi sínu í stjórnun auðlinda var allt annað uppi á teningnum á Íslandi. Íslendingar höfðu nýlega lýst yfir sjálfstæði eftir meira en sex aldir undir erlendri stjórn. Um það leyti sem sex Evrópuríki undirrituðu svo Rómarsáttmálann og stofnuðu formlega Efnahagsbandalag Evrópu árið 1957 voru Íslendingar að hefja stækkun landhelginnar og þar að auki að deila um hermálið. Íslendingar voru í óðaönn að vinna fullveldi og ekki reiðubúnir að deila því með öðrum. Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði, segir ekki að undra að Íslendingum sé fullveldið kært, stutt sé síðan þjóðin varð fullkomlega sjálfstæð. „Síðan hefur þessi hugmynd um fullveldið leikið afskaplega stórt hlutverk í því að byggja upp og mynda íslenska sjálfsmynd. Þetta er ræktað í gegnum skólakerfið og alls konar umræðu og hefur komið mjög skýrt fram í allri utanríkispolítík Íslendinga, ekki síst í varnarmálastefnunni eftir seinna stríð þar sem Íslendingar tóku mjög þjóðernissinnaða afstöðu þótt þegar á hólminn var komið væru þeir mjög praktískir.“

Þegar innri markaður Evrópusambandsins varð að veruleika upp úr miðjum níunda áratugnum töldu Íslendingar, eins og aðrar EFTA-þjóðir, mikils til

vinnandi að fá sem greiðastan aðgang að þeim markaði. Ótti ríkti við að Evrópusambandsríkin hygðust reisa „Evrópuvirki“ og girða innri markaðinn með ókleifum tollamúrum. Áður en það varð féll annar múr, Berlínarmúrinn, og þar með var rutt úr vegi hindrunum fyrir ESB-aðild hlutlausu EFTA-ríkjanna. Gömlu EFTA-ríkin höfðu hins vegar alltaf haft meiri áhuga á frjálsum viðskiptum en nánari pólitískri samvinnu eins og Frakkar og Þjóðverjar stefndu að. Varð úr að Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, beitti sér fyrir málamíðlun sem tryggja átti EFTA-ríkjunum aðgang að innri markaðnum án beinnar aðildar, meðan ríkin sem fyrir voru í sambandinu lykju við sáttmálann sem síðar var kenndur við Maastricht. Þar var lagður grunnur að nánari pólitískri samvinnu aðildarríkjanna og myntbandalaginu.

Alþýðuflokksmenn, sem fóru með utanríkisráðuneytið, töldu þessa lausn fullnægjandi enda náði hún hvorki til sjávarútvegs né landbúnaðar og litill var svo á að fullveldi væri ekki framselt í skilningi stjórnarskrárinnar. Rétt eins og við aðildina að NATO og síðar EFTA var samningamönnum brigslað um landráð.

Þegar EES-samningurinn var loks samþykktur árið 1992 samþykktu Íslendingar að taka ekki aðeins inn í löggjöf sína öll gildandi lög og reglur ESB á sviði innri markaðarins heldur komandi reglur einnig.

Frá því að samningurinn var samþykktur hafa EFTA-ríkin þó tekið þátt í að semja slíkar reglur á mótunar-



*Síðan hefur þessi hugmynd um fullveldið leikið afskaplega stórt hlutverk í því að byggja upp og mynda íslenska sjálfsmynd. Þetta er ræktað í gegnum skólakerfið og alls konar umræðu og hefur komið mjög skýrt fram í allri utanríkisþólitík Íslendinga, ekki síst í varnarmálastefnunni eftir seinna stríð þar sem Íslendingar tóku mjög þjóðernissinnaða afstöðu.*

stigi með því að taka þátt í starfi sérfræðinganevnda á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Þegar þær nefndir hafa komist að niðurstöðu fara gerðirnar til EES-nefndar þar sem EFTA-ríkin annars vegar og ESB hins vegar eiga sæti. „Í þessari sameiginlegu EES-nefnd tókum við lokaákvörðun um að taka mál yfir í EES-samninginn sem þá eru bindandi að þjóðarrétti,“ segir Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands hjá Evrópusambandinu.

Björg Thorarensen, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, segir að aðkoma Íslands að málum á mótunarstigi feli í sér að ekki sé um framsal fullveldis að ræða í EES-samningnum líkt og við innngöngu í ESB. „Það er grundvallarmunur á þessu því að EES-löggjöf og reglur eru í meðferð hjá sérstakri nefnd á mótunarstigi. Og þar fyrir utan fá málin sérstaka meðferð á Alþingi.“

Engu að síður er ljóst að þótt lögin fari til Alþingis getur það engu breytt enda er EES-löggjöf oftast samþykkt án umræðu. Lokaákvæðanir eru teknar í ráðherraráði Evrópusambandsins og á Evrópuþinginu og þar geta þær að sjálfsögðu tekið breytingum án þess að EFTA-ríkin fái rönd við reist.

„Það má ekki gleyma því að frá EES-nefndinni fara þessar gerðir yfir til Evrópuþings og ráðherraráðsins og þá missum við sjónar á þeim. Og völd Evrópuþingsins hafa óneitanlega aukist frá því EES-samningurinn var gerður,“ segir Stefán Haukur.

Í Lissabon-sáttmálanum, sem enn hefur ekki tekið gildi, fær Evrópuþingið svo enn aukið vægi og deilir hér eftir löggjafarvaldinu með ráðherraráðinu.

Í umræðunni um EES-samninginn á sínum tíma var talsvert gert úr þeim „öryggisventli“ sem fælist í því að EFTA-ríkin gætu beitt neitunarvaldi ef þeim hugnaðist ekki löggjöf ESB. Neitunarvaldi hefur hins vegar aldrei verið beitt til að hindra að ESB-gerð nái til Evrópska efnahagssvæðisins. Bæði Íslendingar og Norðmenn hafa leynt og ljóst óttast að samningurinn þyldi ekki þær flækjur sem neitun gæti valdið. Í Evrópuskýrslu forsætisráðherra frá 2007 er tekið skýrt til orða: „Ljóst er að til lengri tíma litið þýðir frestun eða beiting neitunarvalds að grafið er undan grundvallarforsendu samningsins um að sömu reglur eigi að gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.“





## EES séð frá Brussel

– EFTA-ríkin eru almennt talin áhrifalaus á lög Evrópusambandsins og jafnvel talað um að þau hafi stöðu nýlendna gagnvart ESB.

Fræðimenn við helstu hugveitur „Think tanks“ á sviði Evrópumála í Brussel telja af og frá að EFTA-ríkin hafi nokkur umtalsverð áhrif á þá löggjöf sem þau verða að taka upp í krafti EES. Hans Martens, forstjóri European Policy Center, segir það algjöra sjálfsblekkingu að telja að EFTA-ríki geti haft nokkur áhrif á löggjöf Evrópusambandsins sem innleidd er á EES-svæðinu. „Það skyldi enginn skilja málið á annan hátt en þann að EFTA-ríkin fá aðgang að innri markaðnum gegn því að samþykka löggjöf sem kemur frá Evrópusambandinu. EES-samningurinn getur enst eins lengi og ESB vill eiga góð samskipti við nágroannana en hann mun ekki þróast neitt.“

Starfsbróðir Hans Martens, Michael Emerson hjá Center for European Policy Studies, er sérfróður um EES-samninginn. Hann segir að EFTA-ríkin hafi lítil sem engin áhrif á ESB-löggjöf. „Rödd þeirra heyrir eingöngu við mótun löggjafarinnar en það væri fullkomin blekking að halda að þau hafi eitthvað að segja þegar ákvörðun er tekin.“ Emerson bendir á að ákvarðanataka innan Evrópusambandsins sé mjög flókin. Ferlið byrji með miklum skoðanaskiptum innan framkvæmdastjórnarinnar og síðan eru málin rædd á vettvangi ráðherraráðsins

og aðildarríkjanna tuttugu og sjö, hagsmunasamtök komi við sögu og loks Evrópuþingið. „EFTA ríkin eru fremur í hlutverki áhorfenda en þátttakenda í þessu ákvarðanaferli.“

Vinstrimaðurinn Jens-Peter Bonde, þingmaður á Evrópuþinginu var upphaflega andvígur aðild Danmerkur að Efnahagsbandalaginu eins og það hét þegar Danir greiddu atkvæði um aðild 1972. Hann hefur síðan snúið við blaðinu og vill nýta sér þau áhrif sem felast í því að geta starfað innan ESB. Hann lék lykilhlutverk þegar Danir felldu Maastricht-sáttmálann 1992 og síðar þegar Evrópuþingið felldi framkvæmdastjórnina í forsetatið Jacques Santer. Hann segist furða sig á því að Ísland og Noregur skuli sætta sig við EES-samninginn. „Ísland hefur kosið að lúta ljósritunar-lýðræði þar sem stjórnvöld verða að láta sér nægja að ljósrita ákvarðanir eða fá þær sendar á tölvupósti. Þið hagið ykkur eins og þið séuð nýlenda ESB. Þetta er niðurlægjandi fyrir ykkur.“

Breska Evrópuþingskonan Diana Wallis sem kemur úr röðum frjálslyndra segir að EES-samningurinn geti út af fyrir sig gilt áfram. „Það er býsna lítið stofnanaminni (institutional memory) eftir hjá Evrópusambandinu hvað varðar EES samninginn og mjög lítill áhugi á að halda lífi í samningnum.“ Hún segir að með auknum völdum Evrópuþingsins aukist lýðræðishalli samningsins enn. „Ef ég væri þingmaður í EFTA-ríki hefði ég miklar áhyggjur af þessum lýðræðisskortri. Áhrif ykkar á





Vinstrimaðurinn Jens-Peter Bonde segist furða sig á því að Ísland og Noregur sætti sig við EES-samninginn. „Ísland hefur kosið að lúta ljósritunarlýðræði þar sem stjórnvöld verða að láta sér nægja að ljósrita ákvarðanir eða fá þær sendar á tölvupósti. Þið hagið ykkur eins og þið séuð nýlenda ESB. Þetta er niðurlægjandi fyrir ykkur.“

ákvarðanir eru sáralítill og ríkisstjórnir ykkar hafa ekki miklu meira að segja en utanaðkomandi þrýstihópar. Það er beinlínis óþægilegt að horfa upp á þetta.“

Engum blöðum er um það að fletta að þjóðir heims hafa á síðustu áratugum orðið sífellt tengdari innbyrðis og ákvarðanir eru í vaxandi mæli teknar á alþjóðlegum vettvangi. Þetta á augljóslega við í efnahagsmálum eins og best sést á vandræðum íslensku krónunnar sem einungis má að hluta rekja til innanlandsaðstæðna sem landsmenn fá ráðið við. Slíkar ákvarðanir eru líka teknar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og má þar ekki síst nefna ákvarðanir öryggisráðsins sem eru bindandi fyrir

aðildarríkin. Baráttan við loftslagsbreytingar er svo háð lausnum á alþjóðlegum vettvangi að enn má spyrja hvernig fullveldi sé háttað í þeim málaflokki.

Hans Martens forstjóri EPC segir spurninguna um fullveldi hafa allt aðra merkingu nú en áður. „Ég tel að miðað við hvernig Ísland hefur þróast í þá átt að vera jafn mikilvægt og raun ber vitni á fjármála-sviðinu þá verði að líta á fullveldið á allt annan hátt en gert var áður fyrir. Það er ekki hægt að geyma fullveldið innan landamæra, læsa það inni í peningaskáp eins og fjársjóð sem maður getur staðið vörð um. Fullveldi þróar maður í samstarfi við aðra og ég tel að þið aukið fullveldi ykkar með því að sitja við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar.“





## Fátt bendir til að ESB-ríki ættu rétt á kvótum í íslenskri lögsögu

– Sjávarútvegsstjóri ESB segir að veiðireynsla muni ákvarða kvótaúthlutun en útvegmenn segja framtíðina óvissa ef forræði flyst til Brussel.

Fá erlendir togarar fiskveiðiheimildir í íslenskri lögsögu ef við göngum í Evrópusambandið? Verðum við handónýtri fiskveiðistefnu ESB að bráð ásamt meðfylgjandi ofveiði og óstjórn? Enginn vafi leikur á því að margir Íslendingar munu seint snúast á sveif með aðild að Evrópusambandinu fyrr en viðhlítandi svör hafa fengist við slíkum spurningum.

Málefni sjávarútvegsins eru trúlega lykillinn að aðild Íslands að Evrópusambandinu. Sjávarútvegurinn hefur allt aðra stöðu, bæði í íslensku efnahagslífi og þjóðernisvitund, en dæmi eru um í öðrum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Í Evrópusambandinu er hann lifibrauð íbúa fátækra strandhéraða en er víða á Íslandi meginstoð atvinnulífsins. Þá er stækkun fiskveiðilögsögunnar nátengd nútíma sjálfstæðisbaráttu og sjálfsmynd Íslendinga.

Vægi sjávarútvegsins í íslensku efnahagslífi hefur hins vegar minnkað hægt og sígandi á síðastliðnum árum og áratugum. Árið 2007 kom innan við þriðjungur útflutningstekna okkar frá sjávarútvegi en tíu árum fyrr sóttum við helming útflutningstekna okkar í sjóinn. Nú er áliðnaðurinn kominn fram úr sjávarútveginum í vöruútflutningi. Fjármálageirinn er einnig farinn að vega þungt.

Engu að síður er ljóst að Ísland mun seint ganga í Evrópusambandið án þess að ásættanleg lausn hafi fengist fyrir íslenskan sjávarútveg. Íslenskir útvegmenn hafa tekið harða afstöðu gegn aðild að Evrópusambandinu. Óttinn við að tapa yfirráðum yfir fiskveiðilögsögunni hefur vafalaust vegið þyngra en nokkuð annað í því að Ísland hefur hingað til ekki léð máls á aðild að Evrópusambandinu. „Grundvallaratriðið er það að við myndum missa forræðið yfir fiskimiðunum og stjórnin myndi flytjast til Brussel,“ segir Kristján Þórarinnsson hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Í sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins takast á tvenn sjónarmið: Annars vegar gerir hún ráð fyrir jöfnum aðgangi skipa hvers aðildarríkis að fiskveiðilögsögu annarra en hins vegar er lagður til grundvallar svokallaður „hlutfallslegur stöðugleiki“ við úthlutun veiðiheimilda. Hann felur í sér að tekið er tillit til mikilvægis fiskveiða fyrir tiltekið landsvæði og veiðireynslu. Ísland er einstætt að því leyti að stærstu fiskistofnar okkar eru staðbundnir í lögsögu okkar sem skarast sáralítið við lögsögu annarra ríkja og engin önnur þjóð hefur þar veiðireynslu svo neinu nemur undanfarna áratugi.

Joe Borg, sjávarútvegsstjóri í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, tekur af öll tvímæli um að hlutfallslegur stöðugleiki eigi við sæki Ísland um aðild að Evrópusambandinu. Þar með myndi fyrri veiðireynsla ákvarða skiptingu fiskveiðiheimilda. Hann



*Spurningin um sjávarútveginn er miklu frekar tilfinningaleg spurning um fullveldi en spurning um efnahagsmál. Það myndi í reynd mjög lítið breytast í sjávarútvegsmálum á Íslandi. Það sem myndi fyrst og fremst breytast er að lokaákvörðun um heildarafla á Íslandi yrði formlega tekin í ráðherraráði Evrópusambandsins.*

leggur áherslu á að ákvarðanir byggist á vísindalegri ráðgjöf og bendir á að eftirlit yrði síðan að mestu í höndum Íslendinga.

„Það er tóm rugl og búið að sýna fram á með gildum rökum að það er engin hætt á að íslensk mið fyllist af útlendum togurum,“ segir Ólafur Stephensen, stjórnmaðlafræðingur og ritstjóri 24 stunda. „Spurningin um sjávarútveginn er miklu frekar tilfinningaleg spurning um fullveldi en spurning um efnahagsmál. Það myndi í reynd mjög lítið breytast í sjávarútvegsmálum á Íslandi. Það sem myndi fyrst og fremst breytast er að lokaákvörðun um heildarafla á Íslandi yrði formlega tekin í ráðherraráði Evrópusambandsins.“

Birgir Tjörvi Pétursson, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál, segist hafa ákveðnar efasemdir um að „framselja lagasetningarvaldið“ á þessu sviði til Evrópusambandsins. „Það er erfitt fyrir þjóð sem lifir jafn mikil á sjávarútvegi og raun ber vitni, þótt menn sjái fyrir sér að fjármálalífnið og iðnaður séu að verða aðaluppsetta útflutningstekna. Fiskurinn er enn þá svo styrk stöð að það er varasamt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að framselja yfirráð til yfirþjóðlegs ríkjasambands.“ Útvegsmenn taka í svipaðan streng. Þeir svara spurningunni um hvort búast megi við erlendum togurum í íslenskri lögsögu með því að ítreka að við missum forræðið yfir auðlindinni og þar með sé framtíðin óviss. „Við vitum ekkert hvernig hlutirnir þróast og það er vandséð að hægt sé að tryggja að hlutfallslegi stöðugleikinn haldist enda sjávarútvegsstefnan í sífelldri þróun,“ segir Kristján Þórarinnsson hjá LÍÚ.

Joe Borg, sjávarútvegsstjóri, bendir hins vegar á að ekkert ríki hafi sýnt því áhuga að afnema hlutfallslega stöðugleikann þegar sjávarútvegsstefnan hefur verið endurskoðuð, síðast 2003. „Það bendir ekkert til þess að hlutfallslega stöðugleikanum sé ógnað.“

Evrópunefnd, sem forsætisráðherra skipaði, undir forystu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra, átti fund með sjávarútvegsérfræðingum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við samningu skýrslu sinnar. Þar kom fram að vissulega væri fræðilega hægt að víkja frá meginreglunni um hlutfallslegan stöðugleika í ráðherraráði Evrópusambandsins við úthlutun aflaheimilda hverju sinni, „en það er ólíklegt að slíkt yrði gert í reynd þar sem reglan er mikilvægur hluti af sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni og aðildarríkin eru sáttt við hana“.

Bent var á að Noregur hefði brugðist við þessum möguleika í aðildarsamningi sínum með því að fá samþykka sérstaka yfirlýsingu um mikilvægi reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika.

Sjávarútvegsérfræðingar framkvæmdastjórnar ESB bentu Evrópunefndinni á að Ísland þyrfti væntanlega að leggja áherslu á mikilvægi reglunnar í svipaðri yfirlýsingu, bókun eða sérákvæði til að tryggja sig gagnvart hugsanlegum breytingum þótt ólíklegt væri að slíkar breytingar yrðu gerðar. Almennt væru slíkar meginbreytingar heldur ekki gerðar nema í sáttt við þau aðildarríki sem hefðu verulegra hagsmuna að gæta í viðkomandi máli. Ef slík yfirlýsing væri gefin í aðildarsamningi gæti það skipt sköpum því aðildarsamningur hefði „sama lagalega gildi og stofnsáttmálar ESB.“



## Hagsmunir Íslendinga útgangspunktur á Íslandsmiðum

*Sæki Ísland um aðild að Evrópusambandinu mun ekki síst reyna á hvort lausn finnist sem Íslendingar geta sætt sig við í sjávarútvegsmálum. Joe Borg sjávarútvegsstjóri í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur reynt af því að finna sértækar lausnir í þessum málaflakki.*

Borg var drifkraftur sem utanríkisráðherra í viðræðum þegar Malta sótti um aðild að Evrópusambandinu árið 2004. Í þessu viðtali slær hann því föstu að fiskveiðihagsmunir Íslands muni liggja til grundvallar við úthlutun kvóta á Íslandsmiðum gangi Ísland í ESB. Hann gefur til kynna að Íslendingar muni ráða miklu um stjórnun veiða á Íslandsmiðum og telur sérlausnir til handa Íslendingum koma vel til greina svo lengi sem það feli ekki í sér mismunun eftir þjóðerni.

*– Ef Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu, hvernig yrði því tekið í sjávarútvegi innan sambandsins?*

„Ef Ísland sækti um inngöngu í Evrópusambandið yrðu viðtökur jákvæðar. Það þyrfti að brjóta til mergjar alla þætti og ugglaut yrði áhugaverðast að fara yfir sjávarútvegsþáttinn. Ísland hefur talsverða vigt í sjávarútvegi á evrópskan mælikvarða og myndi því hafa töluvert fram að færa því framleiðsla sjávarafurða myndi aukast um 25% innan Evrópusambandsins með tilkomu Íslands. Það hefði einnig í för með sér að áhrif Evrópusambandsins myndu aukast á alþjóðavettvangi. Þess vegna tel ég

að umsókn yrði litin mjög jákvæðum augum og viðræður um sjávarútvegsmál yrðu einn helsti liður í inntökufarli Íslands.“

*– Ef Ísland gengi í Evrópusambandið yrðu fiskveiðiheildir í íslenskri lögsögu ákveðnar í Brussel. Hvernig eru ákvarðanir teknar?*

„Framkvæmdastjórnin leggur fram tillögu um heildarveiði og heimildir til veiða á einstökum tegundum innan lögsögu sambandsins. Tillagan fer síðan til ráðherraráðsins og þar er heildarveiði á tilteknum tegundum ákveðin. Þar gildir veginn meirihluti atkvæða. Þessar ákvarðanir eru teknar á grundvelli ráðgjafar sem vísindastofnanir á borð við Alþjóðahafrannsóknaráðið veita Evrópusambandinu, auk stofnana sem ráðleggja einstökum aðildarríkjum. Þannig er ákvörðunin tekin í ráðherraráðinu að tillögu framkvæmdastjórnarinnar en að verulegu leyti í samræmi við vísindalega ráðgjöf til að tryggja að fiskveiðar séu stundaðar með sjálfbærum hætti.“

*– En gæti ríki, til dæmis Ísland, verið borið ofurlíði í atkvæðum í ráðherraráðinu?*

„Höfundatriðið er að það er ævinlega farið eftir hlutfallslegum stöðugleika við úthlutun fiskveiðiheimilda. Hlutfallslegur stöðugleiki veitir aðildarríki með fiskveiðihagsmuni í eigin lögsögu tryggingu. Þetta þýðir að það eru fyrst og fremst þau ríki sem

*Þannig að ef Ísland gengi í ESB, væru hefðbundnar veiðar þeirra í eigin lögsögu tryggðar svo lengi sem þær væru innan marka sambandsins um sjálfbærni. Mér skilst að Ísland standi sig mjög vel hvað þetta varðar og bendi á ákvarðanir á síðasta ári sem voru mjög í samræmi við það sem við reynum að gera í lögsögu Evrópusambandsríkjanna.*

Þegar hafa fiskveiðihagsmunir á tilteknu hafsvæði sem fá þau réttindi tryggð, svo lengi sem veiðarnar eru sjálfbærar. Ef sóknin er meiri en svo að sjálfbærni sé tryggð, verður að skera niður kvóta til að viðhalda hlutfallslegum stöðugleika. Þannig að ef Ísland gengi í ESB, væru hefðbundnar veiðar þeirra í eigin lögsögu tryggðar svo lengi sem þær væru innan marka sambandsins um sjálfbærni. Mér skilst að Ísland standi sig mjög vel hvað þetta varðar og bendi á ákvarðanir á síðasta ári sem voru mjög í samræmi við það sem við reynum að gera í lögsögu Evrópusambandsríkjanna.“

*– Sérðu fyrir þér að eitthvert ríki í ESB geti gert tilkall til sögulegra réttinda?*

„Þetta þyrfti að taka fyrir í viðræðunum en eins og ég segi yrði útgangspunkturinn sá að skilgreina hvaða réttindi Íslendingar eiga á Íslandsmiðum og hvernig þeim verður viðhaldið innan sameiginlegru fiskveiðistefnunnar. Jafnframt að veiðar í íslensku lögsögunni séu í samræmi við stefnuna um sjálfbærar veiðar. Ef taka þarf tillit til einhverra sjónarmiða verður það gert. Annars vegar þarf að huga að sjálfbærni veiðanna og hins vegar því að hefðbundnum íslenskum fiskveiðihagsmunum sé viðhaldið og þeir tryggðir. Það er hægt að semja um fiskveiðistjórnun en slíkt verður að gera án þess að gert sé upp á milli þeirra fiskveiðihagsmuna sem til staðar eru.“

*– Malta samdi um sérstöðu síns sjávarútvegs? Gæti Ísland samdi á slíkan hátt?*

„Ég myndi frekar tala um sérstaka stöðu fiskveiða að því leyti að samið var um sérstakt fiskveiðistjórnunarsvæði innan tuttugu og fimm mílna. Það er engin mismunun á þessu fiskveiðistjórnunarsvæði. Það

tryggir hefðbundin réttindi maltverskra sjómanna á þeim svæðum sem Maltverjar sjálfir veiddu á í aldranna rás en það er enginn útilokaður frá því að veiða á Möltumiðum. Þeir verða að fullnægja skilyrðum um stærð skipa og fá sérstök leyfi. Þeir sem hafa reynslu af veiðum hafa tryggingu fyrir því að fá leyfi svo árum skiptir, þannig að réttindi þeirra sem stunda nú þegar veiðar eru tryggð.“

*– Margir Íslendingar myndu vafalaust vilja ganga í ESB ef þeir væru lausir við sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna!*

„Orðum það þannig að sameiginlega sjávarútvegsstefnan er sameiginleg eins og nafnið gefur til kynna. Það er mikilvægt að hafa sameiginlegar reglur um auðlind sem færast til innan lögsögu sambandsins. Þetta er röksemdafærslan fyrir stefnunni. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir breytingar og umbætur á stefnunni þegar nauðsyn krefur. Ráðum Íslands yrði vafalaust hlítt að miklu leyti, sérstaklega á þessum slóðum, vegna sérþekkingar og reynslu Íslendinga þegar um er að ræða góða stjórnun fiskveiða.“

*– En er ekki hætt á því að hægt sé að breyta hlutfallslega stöðugleikanum með atkvæðagreiðslu í ráðherra-ráðinu?*

„Alveg örugglega ekki. Ég held að aðildarríki slái skjaldborg um hlutfallslega stöðugleikann því ekkert ríki vill vera án hans. Hann tryggir sjómönnum öryggi og stöðugleika á hinum ýmsu svæðum sameiginlegru lögsögunnar. Jafnvel þó rökstyðja megji að mögulega sé hægt að tryggja á annan hátt jafnan aðgang að fiskveiðiréttindum, þá tel ég að hlutfallslegi stöðugleikinn sé formúla sem hafi reynst vel allt frá því sameiginlega sjávarútvegsstefnan var samþykkt. Ég tel að hún verði áfram við lýði, fyrst og fremst vegna þess að það er vilji aðildarríkjanna.“

*– Að lokum: sérðu fyrir þér að Íslendingur gæti sest í þinn stól sem sjávarútvegsstjóri í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins?*

„Já, af hverju ekki? Þetta er erfitt starf og ég áttaði mig ekki fyllilega á því áður en ég var skipaður í framkvæmdastjórnina hversu sjávarútvegur er viðkvæmt pólitískt mál. Ég get svo sannarlega mælt með því íslenskur karl eða kona setjist í þennan stól því þau myndu vafalaust vita meira um sjávarútveg en ég gerði áður en ég kom hingað. Þetta starf krefst mikillar þekkingar, bæði pólitískrar og tæknilegrar. Ég vonast til að störf mín hafi verið sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni heilladrjúg þegar kjörtímabilinu lýkur að fjórum árum liðnum.“





## Óviss staða íslensks landbúnaðar

– *Afnám tolla ylli bændum tekjumissi en mismiklum. ESB er hins vegar ekki eina ógnunin við tollavernd landbúnaðarins.*

Aðild að Evrópusambandinu hefði tvímælalaust meiri áhrif á íslenskan landbúnað en nokkra aðra starfsgrein á Íslandi. Búvörumarkaður á Íslandi yrði hluti af innri markaði Evrópusambandsins og tollar yrðu felldir niður. Verð á landbúnaðarvörum til neytenda myndi lækka og að sama skapi má búast við að verð til framleiðenda lækki verulega.

Í skýrslunni *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi* sem utanríkisráðuneytið lét gera árið 2003 er því spáð að framleiðsla á mjólkurvörum, kinda- og nautakjöti muni minnka nokkuð við inngöngu Íslands í Evrópusambandið og kjúklinga- og svínakjötsframleiðsla enn meira. Þetta velti þó m.a. á reglum um sjúkdómavarnir og innflutning á hráu kjöti.

Hins vegar er talið að sauðfjárbúskapur, mjólkurframleiðsla og jafnvel nautgriparækt gæti þokkalega við unað og afkoma sauðfjárbænda hugsanlega

### 35%

Finnar og Svíar fengu heimild til þess að styrkja „heimskauta“-landbúnað sinn 35% meira en önnur aðildarlönd mega styrkja sinn landbúnað.

batnað. Gert er ráð fyrir að samanlagður stuðningur við mjólkurbændur færi langt með að vega upp á móti afnámi beingreiðslna við aðild. Tekjur nautakjötsframleiðenda myndu hins vegar lækka verulega við aðild.

Aðild yrði síðan afdrífarið fyrir svínakjöts-, kjúklinga- og eggjaframleiðendur og talin er hættá á að sá búskapur legðist af. Matvælaíðnaðurinn gæti lent í erfiðleikum þegar innflutningur yrði frjálur.

Erna Bjarnadóttir, forstöðumaður hjá Bændasamtökum Íslands, segir að tekjur finnskra bænda hafi lækkað um tíu til fimmtán prósent á ári frá 1995-1998 þegar þeir gengu í Evrópusambandið. „Ég tel að tekjuskerðingin yrði ekki minni fyrir íslenska bændur.“ Erna telur mikilvægt að samið yrði að minnsta kosti um aðlögun fyrir íslenskan landbúnað þannig að tollar yrðu ekki afnumdir í einu vettangi. Einnig kæmi til greina að ESB innti af hendi eingreiðslu sem bætur líkt og gert var í Finnlandi. „Ég er í engum vafa um að aðild kæmi sér mjög illa fyrir íslenskan landbúnað,“ segir Erna.

Evrópunefndin komst að svipaðri niðurstöðu eða að „miðað við óbreytt stuðningskerfi hér á landi verði að telja að staða íslensks landbúnaðar yrði verri innan ESB en utan þess“.

Markaðir Evrópuríkja myndu þó opnast fyrir íslenskum landbúnaðarvörum. „Því miður bendir fátt til þess að þeir fjármunir sem þar væri að hafa, væru í

Hins vegar er talið að sauðfjárbúskapur, mjólkurframleiðsla og jafnvel nautgriparækt geti þokkalega við unað og afkoma sauðfjárbænda gæti hugsanlega batnað. Gert er ráð fyrir því að samanlagður stuðningur við mjólkurbændur færi langt með að vega upp á móti afnámi beingreiðslna við hugsanlega aðild. Aðild yrði síðan afdrifarík fyrir svínakjöts-, kjúklinga- og eggjaframleiðendur og er talin hætta á að sá búskapur legðist af.



neinu samræmi við það sem tapaðist við lækkun tolla," segir Erna Bjarnadóttir.

Finninn Olli Rehn, framkvæmdastjóri stækkunarmála í framkvæmdastjórn ESB, segir að Íslendingar hljóti að líta til reynslu Finna í samningaviðræðum um aðild sína að ESB. Í viðræðum þeirra og Svía um aðild að ESB varð til hugtak sem ýmist er kennt við harðbýli eða heimskautið. Í þessu felast sérstakar heimildir til að styrkja landbúnað á norðlægum slóðum og er miðað við 62. breiddargráðu. Allt Ísland liggur þar fyrir norðan og Erna Bjarnadóttir segir að ganga megi út frá því sem vísu að Ísland nyti slíkra forréttinga. „Finnnum tókst að semja um varanlegan stuðning við landbúnað á norðlægum slóðum og ég tel að við þyrftum ekki að semja sérstaklega um þetta.“ Erna bendir hins vegar á að bæði Finnar og Svíar verði að borga sjálfir verulegan hluta þessa stuðnings.

Evrópusambandið greiðir 40% af heildarstuðningi við finnskan landbúnað. Finnar og Svíar hafa svo fengið heimild til þess að styrkja landbúnað sinn 35% meira en önnur aðildarlönd gera. Finnar beina þeim stuðningi sem kemur úr þeirra eigin sjóðum hlutfallslega mest til nyrstu svæðanna.

Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins er í stöðugri endurskoðun enda er hún langsamlega dýrasti liðurinn í starfi ESB. Við síðustu endurskoðun varð veruleg áherslubreyting að því leyti að ákveðið var að draga mjög úr beinum ríkisstuðningi við búvöruframleiðsluna sem skyldi mætt með auknum stuðningi við byggðapróun, umhverfisverkefni og aðra nýsköpun á landsbyggðinni. Áhersla verður lögð á „grænan“ stuðning í stað

framleiðslutengingar og framleiðsluhvata. Í Evrópuskýrslu forsætisráðuneytisins er bent á að væntanlega reyni íslensk stjórnvöld svipaðar leiðir í framtíðinni óháð, aðild að Evrópusambandinu enda séu slík úrræði í samræmi við stefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Raunar er ekki hægt að slá því föstu að núverandi landbúnaðarkerfi á Íslandi, og sú tollavernd sem landbúnaður nýtur, standist til langframa hvað sem ESB líður. Ísland á aðild að svokallaðri Dohasamningalotu á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar en þar er stefnt að því að opna markaði þróaðra ríkja fyrir landbúnaðarafurðir frá þriðja heiminum. Samningarnir miða í senn að því að minnka hindranir gegn innflutningi landbúnaðarafurða og strangari takmarkanir á ríkisstyrkjum til landbúnaðarins. Í skýrslu Evrópunefndar er gengið svo langt að segja að ákvarðanir WTO muni skipta sköpum um mat á áhrifum ESB-aðildar á landbúnaðinn: „Stefnuákvæðanir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar[...] munu líklega breyta öllum viðhorfum í íslenskum landbúnaðarmálum og m.a. verður þá einnig að endurmeta hugsanleg áhrif ESB og aðildar Íslendinga að ESB.“ Bent er á að innan ESB kynnu Íslendingar að geta fært sér í nyt hluta af heildarsvigrúmi sambandsins til tiltekinna stuðningsaðgerða við landbúnað. *Sigurgeir Þorgeirsson*, þáverandi framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, sagði á málþingi Alþjóðamálastofnunar í nóvember 2006 að yrði sú þróun í viðræðum WTO og pólitískri stefnumótun innanlands að stefnt yrði að afnámi tolla kynni „landbúnaðurinn að eiga sér betra skjól innan Evrópusambandsins heldur en utan“.





## Sóknarfæri í byggðamálum

– *Búist er við að allt að tveir milljarðar komi í hlut Íslands í byggðamálum við aðild að ESB.*

Þótt ýmsar greinar landbúnaðarinnar kunni að fara illa út úr hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu, geta veruleg sóknarfæri falist í aðild fyrir landsbyggðina. Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður hjá Byggðastofnun, segir Ísland mögulega geta fengið 1,5 til 2 milljarða króna í styrki til byggðamála úr sjóðum Evrópusambandsins „eftir því hvað stjórnmöld eru fús til að leggja mikið á mótí“.

Strjálbýli, samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins, er þar sem innan við tólf manns búa á hverjum ferkílómetra en héraendis lætur nærri að einn íbúi sé á hvern ferkílómetra utan höfuðborgarsvæðisins.

Byggðastyrkjum ESB er ætlað að byggja upp vanþróuð svæði, laga úreltan iðnað að nútímaþörfum, berjast gegn langtímaatvinnuleysi, sérstaklega hjá ungu fólki, aðlaga og endurskipuleggja landbúnaðarkerfi og ýta undir þróun dreifbýlis.

### 2 milljarðar

Allt að tveir milljarðar gætu runnið til byggðamála úr sjóðum ESB

Það dregur að vísu úr möguleikum Íslands að hljóta styrki úr byggðasjóðunum að hér er nánast ekkert atvinnuleysi sem stendur og meðaltekjur eru hærri en á þeim svæðum sem nú njóta þessara styrkja í Evrópusambandinu. „Engu að síður er tekjumismunur á milli svæða á Íslandi orðinn mjög mikill,“ segir Snorri Björn, „og þar af leiðandi gætum við fengið verulegan stuðning við svæði utan höfuðborgarsvæðisins. Ef til vill verður þetta að einhverju leyti tilflutningur á fé frá Reykjavík til Brussel og þaðan til landsbyggðarinnar.“ Þótt byggðastyrkjum sé ekki eingöngu ætlað að styrkja landbúnað er ljóst að harðbýlisskilgreiningin í landbúnaðarhlutanum kæmi Íslandi til góða í byggðamálunum. Sérstaklega má nefna fordæmi Finna og Svía en einnig Íra þar sem mikil uppbygging hefur orðið, þökk sé sjóðakerfi ESB. „Þegar maður talar við fólk frá þessum löndum er það almennt á því að Evrópusambandsaðild hafi orðið þeim til góðs og jafnvel mjög svo.“

### Fjölbreytt flóra styrkja

Styrkir eru veittir á mörgum sviðum. „Það er í rauninni mjög margt sem styrkir eru veittir til,“ segir Snorri Björn. „Við gætum fengið stuðning og heimild til að veita styrki til stofnunar fyrirtækja. Þar er um að ræða háar upphæðir á íslenskan mælikvarða, styrki til samgönguframkvæmda og styrki til flutningsjöfnunar svo eitthvað sé nefnt.“ Einnig má nefna að ESB veitir styrki til framkvæmda í orkugeiranum og í fjarskiptum. Almennt er lögð áhersla á að auka atvinnuskapandi fjölbreytni í efnahagslífinu.





*Það er í rauninni mjög margt sem styrkir eru veittir til. Við gætum fengið stuðning og heimild til að veita styrki til stofnunar fyrirtækja. Þar er um að ræða háar upphæðir á íslenskan mælikvarða, styrki til samgönguframkvæmda, styrki til flutningsjöfnunar svo eitthvað sé nefnt.*

Snorri Björn telur að Evrópusambandsaðild myndi neyða Íslendinga til agaðri vinnubragða í byggðamálum. „Við myndum ekki komast upp með að grípa til skyndiaðgerða þegar upp koma krísur, einn daginn á Vestfjörðum, hinn á Norðurlandi vestra og svo koll af kolli. Ég held að við myndum þurfa að aga okkur og búa til almennar reglur sem öll svæði sem teljast til landsbyggðarinnar væru seld undir. Við yrðum að fara í mun ríkara mæli eftir föstum leikreglum.“

Grímur Atlason, bæjarstjóri á Bolungarvík, bendir raunar á að svo virðist sem EFTA-ríki á borð við Ísland sitji ekki við sama borð og ESB-ríkið Belgía. „Belgíska eða flæmska ríkið má styrkja höfnina í Antwerpen um 90% til að breyta þekju en hér á landi fáum við aðeins 75% styrk. Erum við kaþólskari en páfínn?“ Famkvæmdastjórn Evrópusambandsins með sínum pólitískt skipuðu fulltrúum virðist fremur horfa í gegnum fingur sér en gengur og gerist hjá Eftirlitsstofnun EFTA.





## Evrópusambandið segist hafa mikla reynslu í „klæðskerasaumum“ lausnum

– Viðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu gætu tekið skamman tíma enda þyrfti nánast eingöngu að semja um sjávarútveg og landbúnað.

„Ísland hefur tekið upp svo mikinn hluta af löggjöf Evrópusambandsins að aðildarviðræður gætu tekið skamman tíma,“ segir Olli Rehn sem fer með samningamál við ný aðildarríki í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Hann segir að vegna EES-samningsins þurfi í raun aðeins að ræða um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál. „Ég tel að Ísland hafi tekið upp að minnsta kosti þrjá fjórðu hluta löggjafar ESB.“ Vegna EES tæki aðeins hálf ár að undirbúa samninga af hálfu ESB og síðan sex til níu mánaða samningaviðræður. Síðan tæki við staðfestingarferli. „Ég tel að frá því umsókn er skilað inn, og þar til Ísland væri orðinn fullgildur aðili að Evrópusambandinu, myndu líða tvö ár.“

Aðildarsamningur yrði síðan lagður fyrir íslensku þjóðina til samþykktar eða synjunar, auk þess sem nauðsynlegt yrði að breyta stjórnarskránni að sögn Bjargar Thorarensen, lagaprófessors. „Ef Íslendingar ganga í Evrópusambandið felur það í sér að erlendum stofnunum er falið að taka ákvarðanir sem eru bindandi fyrir íslenska handhafa ríkisvaldsins og þá þarf skýrt að taka fram í stjórnarskránni að það sé hægt að framselja öðrum en hinum þremur handhöfum ríkisvaldsins heimildir til að taka bindandi ákvarðanir fyrir íslenska ríkið.“

Indriði Benediktsson, eini íslenski embættismaður framkvæmdastjórnarinnar, orðar það þannig bæði í gríni og alvöru að aðalmálið á fyrsta degi samningaviðræðnanna sé að reyna finna eitthvað að gera eftir hádegi!

Anneli Jäätteenmäki, fyrrverandi forsætisráðherra Finnlands, leggur áherslu á mikilvægi góðs undirbúnings fyrir aðildarviðræður. „Það er mikilvægt að hafa greint þau vandamál sem við er að glíma og semja um undanþágur því að slíkt verður ekki gert eftir aðild.“

Finnar lögðu fram vel á annað hundrað beiðnir um undanþágur og aðlögun, aðallega fyrir landbúnað sinn og tókst að fá Evrópusambandið til að fallast á að 90% landsins væru svo harðbýl að þar væri stundaður „heimskautalandbúnaður“. Finninn Olli Rehn segir þetta vissulega geta verið Íslendingum fyrirmynd í viðræðum.

Í höfuðstöðvum Evrópusambandsins sem og á Íslandi er búist við að sjávarútvegurinn verði helsta bitbeinið í hugsanlegum viðræðum.

Íslendingar kysu væntanlega helst að fá undanþágu frá sjávarútvegsstefnunni sem fengist vafalaust ekki. Hins vegar mætti hugsa sér lausn að hætti Finna hvort sem það yrði kallað „heimsskautasjávarútvegur“ eða sérstakt stjórnsýslusvæði eins og Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, lagði til árið 2003. Kristján Þórarinnsson hjá LÍÚ segir þetta hins vegar ekki breyta neinu því að „eftir sem áður myndi opnast á fjárfestingar erlendra aðila í

Einar Páll Tamimi, lögfræðingur segist telja að allt sé á borðinu í samningaviðræðum. „Evrópusambandið hefur sýnt í viðræðum við ný aðildarríki að flest er mögulegt. Það gengur til samninga með það að leiðarljósi að ný ríki verði að fara að þeim reglum sem gilda innan sambandsins. Þegar á hólminn er komið hafa ný ríki náð þeim lendingum sem þeim hafa verið nauðsynlegar til að geta tekið þátt.“

íslenskum sjávarútvegi“. Hann bendir einnig á að viðræður um nýtingu deilistofna myndu færast til Evrópusambandsins. „Þetta er þriðjungur aflaverðmætisins,“ segir Kristján.

Annar möguleiki, sem hefur verið nefndur, væri að Íslendingar fengju, að fyrirmynd Norðmanna, yfirlýsingu um „hlutfallslegan stöðugleika“ inn í aðildarsamninginn. Með þeim hætti væri hægt að tryggja að Íslendingar einir ættu rétt á fiskveiðiheimum á Íslandsmiðum um aldur og ævi því að aðildarsamningur hefur sömu lagalegu stöðu og Rómarsáttmálinn. Þessu ákvæði yrði þannig ekki hrundið með því að Ísland yrði ofurlíði borið í atkvæðagreiðslu í ráðherraráði ESB. Þá má finna fordæmi fyrir sérlausnum í sjávarútvegi í aðildarsamningum Letta og Maltverja sem fengu sérstöðu sjávarútvegs síns viðurkennda á þennan hátt.

Olli Rehn segir Evrópusambandið sveigjanlegt í samningum og að í nánast hverjum aðildarsamningi hafi verið sérstök „klæðskerasniðin“ ákvæði.

Einar Páll Tamimi lögfræðingur telur að allt sé á borðinu í samningaviðræðum. „Evrópusambandið hefur sýnt í viðræðum við ný aðildarríki að flest er mögulegt. Það gengur til samninga með það að leiðarljósi að ný ríki verði að fara að þeim reglum sem gilda innan sambandsins. Þegar á hólminn er komið hafa ný ríki náð þeim lendingum sem þeim hafa verið nauðsynlegar til að geta tekið þátt.“

Flestir virðast gera ráð fyrir að einhvers konar sérlausn í sjávarútvegsmálum sé nauðsynleg til þess aðild Íslands að ESB fáiast samþykkt. Ólafur Stephensen segir þetta kjarnann í umræðunni. „Ég segi gjarnan við norræna stjórnmalamenn að þeir þurfi að senda skýr skilaboð um að lausn verði fundin. Íslensk þjóðarsál er svo nátengd fiski að Íslendingar þurfa sérlausn.“

## Aðild kostar 0,2 – 0,8% af útgjöldum ríkisins

Beinn kostnaður Íslands af aðild að Evrópusambandinu yrði á bilinu 2,5 til 5 milljarðar króna að mati Evrópunefndar forsætisráðherra. Þegar kostnaður við EES-samninginn hefur verið dreginn frá stendur eftir 1 til 3,5 milljarðar króna. Þetta er andvirði 0,23 til 0,8% af útgjöldum ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2008.

Í þessum útreikningi er höfð hliðsjón af greiðslum Finnlands og Svíþjóðar og áætluðum meðaltalsgreiðslujöfnuði ESB ríkja árin 2008-2013. Í skýrslu Evrópunefndarinnar sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra stýrði var komist að þeirri niðurstöðu að ef Ísland væri í hópi þeirra sem mest greiddu til sambandsins yrðu nettógreiðslur landsins um 5 til 6 milljarðar króna.

Hins vegar væri mögulegt vegna uppbyggingar landsins, landfræðilegrar legu, harðbýlis og strjálbýlis, hárra þjóðartekna á mann og fleira, að hlutfallið yrði lægra eða hærra en hér er áætlað. „Það verður hins vegar að teljast ólíklegt að hægt sé að rökstyðja að Ísland myndi greiða mest allra aðildarríkja til ESB sem hlutfall af vergum þjóðartekjum, ekki síst í ljósi hnattstöðu landsins, harðbýlis og strjálbýlis,“ segir í niðurstöðum skýrslu Evrópunefndar um þetta efni.

Greiðslur ríkissjóðs til Evrópusambandsins felast í því að ESB fær hluta af tollum og innflutningsgjöldum, hluta af virðisaukaskatti og hluta af þjóðartekjum aðildarríkjanna. Tekjurnar af þessu mega ekki fara yfir 1,24% af vergum þjóðartekjum.

Út frá því má reikna að miðað við árið 2005, þegar vergar þjóðartekjur voru 977.000 milljarðar króna, gætu heildargreiðslur ríkissjóðs til ESB orðið um 10,5 milljarðar króna árlega.

„Hafa verður í huga að stór hluti þess fjármagns sem greitt er til ESB mun skila sér til baka til þjóðarbúsins í styrkjum,“ segir í skýrslu Evrópunefndarinnar. Þar er bent á að 86% af tekjum ESB árið 2002 hafi skilað sér aftur til aðildarríkjanna í styrkjum, þar af fóru um 46% til landbúnaðar, um 34% til uppbyggingarverkefna og 6% til rannsóknar- og þróunarverkefna og annarra innri málefna.

Núverandi beinn kostnaður Íslands vegna reksturs EES-samningsins eftir síðustu stækkun ESB er um eða yfir 1,5 milljarður króna. Ef sú tala er dregin frá aðildargjöldum stendur eftir að beinn kostnaður við aðild yrði á bilinu 1 til 3,5 milljarðar króna.

## Ísland hefur þegar innleitt 75% laga ESB

*Olli Rehn, framkvæmdastjóri stækkunarmála hjá Evrópusambandinu telur að viðræður um aðild Íslands að ESB gætu tekið innan við níu mánuði og Ísland gæti orðið næsta ríki til að ganga í sambandið.*

Olli Rehn hefur stýrt viðræðum af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við ný aðildarríki frá því í nóvember 2004. Hann hefur setið á finnska þinginu, verið ráðgjafi finnska forsætisráðherrans og var varaformaður finnska Miðflokksins. Hann hefur líka stundað kennslu og rannsóknir í stjórn málafræði og hagfræði en Rehn hefur doktorsgráðu frá Oxford í hagfræði. Rehn hefur margoft komið til Íslands og þekkir vel til íslenskra málefna og stjórnmálamanna.

*– Hvernig yrði hugsanlegri umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu tekið í Brussel?*

„Ég held að íslenski umsókn yrði vel tekið í Brussel. Ísland er talið traust evrópskt ríki sem býr yfir sterkri lýðræðishefð. Ísland uppfyllir án nokkurra vandkvæða skilyrði fyrir aðild og ég er því viss um að umsókn yrði vel séð. Það er hins vegar að sjálfsögðu mál íslensku ríkisstjórnarinnar og þjóðarinnar að taka ákvörðun um slíkt.“

*– Auðveldar aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu hugsanlegar viðræður um aðild að ESB?*

„Já áreiðanlega. Raunar nær Evrópska efnahagssvæðið

yfir mestan hluta lagasetningar Evrópusambandsins. Það er erfitt að nefna prósentutölu en ég myndi segja að það væru rúmlega þrjú fjórðu. Það þyrfti því aðeins að semja um það sem eftir stæði. Ísland er NATO-ríki og engin ástæða er til að efast um að grundvallarmannréttindi og lýðræði er virt í landinu. Það þyrfti því í stórum dráttum einungis að semja um landbúnað og fiskveiðar. Og að sjálfsögðu efnahags- og gjaldeyrisstefnu sem ég veit að er mikilvægt mál fyrir Ísland.“

*– Hve langan tíma myndu viðræður taka?*

„Ég tel að það tæki um hálf tveggja árið fyrir framkvæmdastjórnina að leggja mat á umsókn Íslands. Það tæki með öðrum orðum heldur skemmri tíma en fyrir venjulegt umsóknarríki, þókk sé EES-samningnum. Ég tel svona á að giska að viðræður við Ísland gætu tekið níu til tólf mánuði og síðan hæfist staðfestingarferlið á Íslandi og í Evrópusambandsríkjunum sem tæki nokkurn tíma. Þannig að það ættu að líða um tvö ár frá því umsókn væri lögð fram þar til Ísland yrði formlega aðildarríki ESB. Þannig að það er enn hugsanlegt að Ísland verði tuttugasta og áttunda aðildarríki Evrópusambandsins, ef til vill um leið og Króatía. Ég vona að þið takið þessu sem hvatningu!“

*– Er aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu hugsanleg án aðildar að Evrópusambandinu?*

„Nei ekki fyrir þróaðan efnahag eins og er á Íslandi. Þess eru dæmi að evran hafi verið notuð sem gjald-



Við höfum sameiginlegan pólitískan og lagalegan ramma undir heitinu Evrópusambandið en í nánast hverjum einasta aðildarsamningi hafa verið sérstök „klæðskerasniðin“ ákvæði. Hjá Svíum var það „snússið“ og landbúnaðurinn hjá okkur Finnum og ríki í Austur- og Mið-Evrópu hafa fengið ýmis sérákvæði [...] Evrópusambandið er sveigjanlegt svo lengi sem mestur hluti ESB-rammans, hin sameiginlega uppbygging er virt.

miðill utan ESB, í Kósóvó og Svartfjallalandi en þar var þýska markið notað áður og því síðan skipt út fyrir evrur. Ísland yrði hins vegar að ganga í Efnahags- og myntbandalag Evrópu og uppfylla efnahagsleg skilyrði.“

– Myndi Evrópusambandið fara fram á kvóta í íslenskrí lögsögu?

„Sjavarútvegur er mjög mikilvægur fyrir Ísland. Ég þekki Ísland allvel og hef heimsótt ykkar fagra land mörgum sinnum og þekki vel mikilvægi sjavarútvegsins jafnt efnahagslega sem tilfinningalega. Joe Borg, sjavarútvegsstjóri framkvæmdastjórnarinnar, getur betur svarað spurningum um þetta mál en ég. Hins vegar er ljóst að hlutfallslegur stöðugleiki er grundvallaratriði í sjavarútvegsstefnunni. Hvert ríki ræður tólf mílna lögsögu sinni en þar fyrir utan, í evrópsku fiskveiði- og efnahagslögsögunni, ríkir lögmálið um hlutfallslegan stöðugleika sem felur í sér að veiðheimildum er skipt útfrá sögulegri veiðireynslu. Það er ljóst að þessi kafli verður einn sá erfiðasti í viðræðunum, en við hjá Evrópusambandinu höfum reynslu af því að finna skapandi lausnir á vandamálum af þessu tagi. Ég er sannfærður um að okkur tekst það líka ef Ísland sækir um aðild að Evrópusambandinu.“

– Nú hefur engin þjóð veitt innan lögsögu Íslands í áratugi, hefur þá einhver tillall til kvóta?

„Enn á ný vísa ég til Borg sjavarútvegsstjóra en það er alveg ljóst að hlutfallslegur stöðugleiki er grundvallaratriði í sjavarútvegsstefnunni.“

– Þú nefndir skapandi lausnir. Hugtakið heimskautilandbúnaður varð til í aðildarviðræðum Finnlands og Svíþjóðar. Gæti þetta líka átt við um Ísland?

„Ég tel að Íslendingar hljóti að horfi til þessa. Í Finnlandi og að sumu leyti í Svíþjóð eru viðurkenndar sérstakar aðstæður „heimskautilandbúnaðar“ eða „norræns“ landbúnaðar. Mestur hluti Finnlands er talinn til svæða þar sem skilyrði eru verst til að stunda landbúnað og er tillit tekið til þessa í landbúnaðarstefnunni. Þetta þýðir að leyfilegir eru sérstakir styrkir til þessara svæða. 90% Finnlands teljast nú búa við lökustu skilyrðin. Finnar geta því stutt landbúnaðinn og hafa gert alveg frá inngöngu í ESB og munu halda áfram þar til allt Finnland fellur undir lökustu skilyrðin. Það á að taka upp þennan málaflokk eftir 2-3 ár.“

– Er þetta fordæmi fyrir sérstökum lausnum fyrir væntanleg umsóknarríki?

„Já einmitt. Við höfum sameiginlegan pólitískan og lagalegan ramma undir heitinu Evrópusambandið en í nánast hverjum einasta aðildarsamningi hafa verið sérstök „klæðskerasniðin“ ákvæði. Hjá Svíum var það „snússið“ og landbúnaðurinn hjá okkur Finnum og ríki í Austur- og Mið-Evrópu hafa fengið ýmis sérákvæði. Það sem hér skiptir máli er að umsóknarríki forgangsraði á þeim sviðum þar sem það hefur sérstöðu. Evrópusambandið er sveigjanlegt svo lengi sem mestur hluti ESB rammans, hin sameiginlega uppbygging er virt.“

– En miðað við mikilvægi fiskveiða ætti það ekki að vera útilokað að finna sérlausn?

„Ég býst við að við myndum leita sérlausnar í samningum en allt fer þetta eftir því hve sanngjarnar kröfur Ísland gerir í byrjun viðræðna. Mitt hlutverk er að gæta hagsmuna Evrópusambandsins en auðvitað munum við taka mjög uppbyggilega afstöðu ef og þegar Ísland sækir um aðild eftir að við höfum kynnt okkur forsendur umsóknarinnar.“





## Evróputortryggni og eftirhreytur heimveldishugsana

*Sigrún Davíðsdóttir, blaðamaður, hefur verið búsett í Bretlandi í átta ár. Hér útskýrir hún hvers vegna Bretar eru jafn tortryggir í garð ESB og raun ber vitni.*

Þegar ég flutti frá Danmörku til Englands fyrir átta árum bjóst ég við að flytja úr einu Evróputortryggnu landi í annað. Bæði löndin urðu aðilar að Evrópusamstarfinu 1973 því þau trúðu á Súper-Efta, stór viðskiptasamtök, ekki stjórnálaheild í fransk-þýskum anda. Bæði löndin hafa síðan tekið sér samstarfsundanþágur og hvorugt landið hefur tekið upp evru.

Þrátt fyrir hliðstæður er dönsk og ensk Evrópu-umræða fjarska ólík. Í Danmörku eru stjórnálmennirnir og þjóðin ósammála: það er mikill þingmeirihluti fyrir evru og undanþágulausu Evrópusamstarfi. Evrópuandstaðan situr á hægri og vinstri jöðrunum. Sama er upp á teningnum í Bretlandi, þó munar því að þar eru þjóðin og stjórnálmennirnir samstíga í Evróputortryggni sinni. Stóru flokkarnir tveir, Íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn, eru klofnir í Evrópumálunum.

Íhaldsflokkurinn og Edward Heath sömdu um breska aðild að Evrópusamstarfinu. Verkamannaflokkurinn, undir stjórn Harold Wilson,

beitti sér fyrir þjóðaratkvæði 1975 þrátt fyrir þunga undiröldu í flokknum og meðal kjósenda.

Wilson tók höndum saman við nýkjörinn leiðtoga Íhaldsflokksins, Margaret Thatcher, og baráttan varð gott dæmi um að það er hægt að snúa almannaálit, 67,2 prósent landsmanna studdu aðild, 32,8 prósent á móti, þveröfugt við skoðanakannanir nokkrum árum áður.

Rétt eins og í Danmörku lagði j,á-vængurinn' áherslu á verslunar- og viðskiptasamstarf en markmið Rómarsáttmálans frá 1957 um pólitískt samstarf voru varla nefnd. Hvorugt landanna kaus pólitískt Evrópusamstarf og bæði hafa yfirleitt talið hagsmunum sínum best borgið sem næst Bandaríkjunum.

Thatcher var – og er enn – holdtekning þessarar afstöðu. Hún áleit Bretland tilheyra Evrópu, ekki bákkinu í Brussel, og fullyrta að Rómarsáttmálinn snerist um efnahagslegt frelsi. En í stað þess að beita sér á Evrópuvettvangnum varð helsta framlag Járnfrúarinnar reiðileg tilsvör þegar að henni var þrengt. Viðbrögð hennar voru himnasending fyrir fjölmiðla en óuppbyggileg að öðru leyti.

Það er því ekki undarlegt að stuðningur Breta við Evrópusamstarfið hefur dvínað með auknu pólitísku samstarfi. Evrópusinum í leiðtogaliði stóru flokk-



Andstætt áttunda áratugnum gætir nú sömu tortryggni í fjölmiðlum, atvinnu- og viðskiptalífinu því velmegun hefur styrkt trú Breta á að alheimurinn skipti þá öllu, Evrópa litlu. Áhrif efnahagskreppu og breytt jafnvægi pundsins og helstu gjaldmiðla á aðstöðu Breta til Evrópu eiga eftir að koma í ljós.

anna tveggja hefur fækkað og í Íhaldsflokknum eru þeir ekki í ungu forystusveitinni.

Síðasti Evrópusprettur Verkamannaflokksins var fyrir kosningarnar 1997 þegar flokkurinn komst til valda eftir átján ára Íhaldsstjórn. Þá talaði Tony Blair leiðtogi flokksins fjálglega um að Verkamannaflokksstjórn ætlaði að tengja Breta Evrópu sem hefði gott af breskri skynsemishyggju.

Þrátt fyrir yfirgnæfandi þingmeirihluta Blairs og aðdán umheimsins í kaupbæti hreyfði hann við Evrópumálanum aðeins í innblásnum ræðum. Kjarkurinn sem Wilson sýndi var fjarri Blair – og kannski líka tíðarandanum.

David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, er Evrópu-tortrygginn líkt og allir Íhaldsleiðtogar síðan John Major hætti 1997. Í afkimum Íhaldsflokksins heyrir jafnvel að Bretar ættu að ganga úr Evrópusambandinu. Flokkurinn hefur misst fylgi til til UKIP, United Kingdom Independence Party, sem meðal annars berst gegn Evrópusamstarfinu.

Slagsíða Íhaldsflokksins í andstöðuáttina hefur gert Evrópumálin að einum erfiðasta málaflokki þeirra en flokknum vill til happs að Verkamannaflokkurinn glímur við sama vanda. Gordon Brown forsætisráðherra og leiðtogi Verkamannaflokksins er áberandi tregur að sækja ESB-fundi. Áður en Brown varð forsætisráðherra 2007 hafði hann lofað þjóðaratkvæði um evrópsku stjórnarskrána og því óvíst hvort hann komist upp með að segja breskum hagsmunum borgið með Lissabon-sáttmálanum.

Í Evrópumálanum eru stóru flokkarnir tveir því fjötraðir í umræðufælni. Andstætt áttunda áratugnum gætir nú sömu tortryggni í fjölmiðlum, atvinnu- og viðskiptalífinu því velmegun hefur styrkt trú Breta á að alheimurinn skipti þá öllu, Evrópa litlu. Áhrif efnahagskreppu og breytt jafnvægi pundsins og helstu gjaldmiðla á aðstöðu Breta til Evrópu eiga eftir að koma í ljós.

Sem fyrrverandi heimsveldi gætir þess oft að Bretar trúu lítt á samstarf sem þeir leiða ekki. Þó ýmsum okkar sem þarna búa þyki erfitt að skilja hvernig Bretar gátu lagt undir sig hálfan heiminn á öldum áður – því stjórnun, jafnt í einkageiranum sem hjá hinu opinbera, virðist svo makalaust treg – þá lifir í þeim trú á mátt sinn og megin.



ESB séð frá Bretlandi



## Þar sem bjúgaldin verður banani – er ESB

*– Evrópusambandið er í fararbroddi í heiminum við að setja staðla en „skriffinnskufargan“ ykist ekki að marki því að flest er þegar komið til Íslands í gegnum EES.*

Lengi vel voru algengustu fréttir af Evrópusambandinu í íslenskum fjölmiðlum ensk- eða danskættaðar og snerust um að skriffinnar í Brussel hefðu ákveðið hve mikið bjúgaldin þyrfti að bogna til að teljast banani eða hve rúmgóðir smokkar ættu að vera. Fréttir af þessu tagi eiga rætur að rekja til þeirrar samræmingar sem innri markaður Evrópusambandsins krefst; það er að skilgreina hvað séu epli og hvað appelsínur. Ólafur Stephensen, stjórn-málafræðingur og ritstjóri 24 stunda telur hins vegar fráleitt að nota þetta sem rök gegn því að Ísland gangi í Evrópusambandið þótt hugsanlega gætu þetta verið rök fyrir úrsögn úr EES. „Mér finnst beinlínis fyndið að heyra því haldið fram að við ættum ekki að ganga í Evrópusambandið því að þá köllum við yfir okkur reglugerðafargan. Við erum búin að því í gegnum EES!“

Aðalsteinn Leifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, bendir á að vegna EES-samningsins móti ESB allt okkar viðskiptaumhverfi. „Íslensk fyrirtæki geta ekki keypt fisk frá Rússlandi, öðru fullvalda ríki utan ESB, nema viðkomandi rússneskur útflytjandi hafi uppfyllt heilbrigðisreglur og fengið úttekt hjá starfsmönnum ESB. Íslensk fyrirtæki geta ekki keypt tómatsósu frá Bandaríkjunum nema þær

uppfylli reglur ESB og innri markaðarins. Íslendingar geta ekki selt Færeyingum spægipylsu nema að hafa til þess vottorð frá ESB.“

Það er að minnsta kosti óumdeilt að allar reglugerðir ESB, sem varða viðskipti, eru komnar inn í íslenska löggjöf. Hins vegar eru sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn að mestu leyti utan EES. Landbúnaðurinn nýtur verulegra styrkja innan Evrópusambandsins og ekki þarf að koma á óvart að eftirlit með styrkveitingum kallar á skriffinnsku. Ef marka má grein Matti Mörttinen, blaðamanns finnska blaðsins Aamulehti, fannst finnskum bændum nóg um. „Marga langaði til að skipta um starf eftir að hafa fyllt út þessi endalaus eyðublöð og fengið heim-sóknir eftirlitsmannanna.“ Á hinn bóginn kunnu skattgreiðendur að hafa glaðst yfir að fylgst væri með útgjöldunum.

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, rekur umfangsmeiri starfsemi innan Evrópusambandsins en hér á landi. „Ég hef oft velt fyrir mér þessum fullyrðingum um skrifræðisbákn ESB en sannleikurinn er sá að við verðum ekki vör við að vandinn komi frá Brussel. Vandinn er miklu frekar staðbundnar sérreglur.“

En er Evrópusambandið þá bákn? Það fer eftir því hvernig á það er litið. Tuttugu og fimm þúsund manns starfa hjá Evrópusambandinu, langflestir í





Íslensk fyrirtæki geta ekki keypt fisk frá Rússlandi, öðru fullvalda ríki utan ESB, nema viðkomandi rússneskur útflytjandi hafi uppfyllt heilbrigðisreglur og fengið úttekt hjá starfsmönnum ESB. Íslensk fyrirtæki geta ekki keypt tómatsósu frá Bandaríkjunum nema þær uppfylli reglur ESB og innri markaðarins. Íslend-ingar geta ekki selt Færeyingum spægipylsu nema að hafa til þess vottorð frá ESB.

höfuðstöðvunum í Brussel. „Mér var einhverju sinni bent á að það ynnu færri hjá framkvæmdastjórninni en í breska umhverfissráðuneytinu,“ segir Einar Páll Tamimi sem fylgdist grannt með ESB í starfi sínu fyrir EFTA. Eini íslenski embættismaður Íslendinga hjá ESB, Indriði Benediktsson, segir að miðað við að

starfsmannafjölda væri deilt með íbúafjölda, kæmu fimmtán starfsmenn í hlut jafn fjölmennrar þjóðar og Íslendingar eru. „Ég yrði hissa ef ráðuneytisstjóri á Íslandi væri ánægður með að hafa fimmtán manns í vinnu hjá sér.“



Skrifraeðisbákn?



## Evrópa kemur ekki í stað Kanans

– En búast má við að Evrópusambandið skipti meira máli fyrir íslensk öryggismál, meðal annars vegna aðildar að Schengen.

Evrópusambandið hefði seint talist stórveldi í augum Stalíns sem afgreiddi páfagarð á sínum tíma með spurningunni: „Og hvað hefur páfinn margar herdeildir?“

Það kann því að virðast þversagnakennt að þótt Evrópusambandið sé ekki varnarbandalag hafa mörg ríki séð sér hag í aðild að því til að tryggja öryggi sitt. Þannig bentu skoðanakannanir í Finnlandi til að stór hluti þeirra, sem guldu jáyrði við inngöngu Finna í ESB í Þjóðaratkvæðagreiðslu, hafi gert það til að tryggja öryggi landsins. Anneli Jäätteenmäki, Evrópuþingmaður og fyrrverandi forsætisráðherra Finna, segir að þótt efnahagsmál hafi skipt máli hafi þau ekki ráðið úrslitum. „Öryggismálin voru stórmál. Við gátum gengið í Evrópusambandið en ekki í NATO.“

George Vassiliou, fyrrverandi forseti Kýpur, sagði á sínum tíma að óttinn við Tyrki hefði beinlínis rekið Kýpverja í Evrópusambandið og fleiri ríki hefðu kosið ESB til að tryggja öryggi sitt. „Eystrasaltsríkin, rétt eins og Finnar, óttast rússneska björninn og þörfin fyrir öryggi vó þungt í því að öll fyrrverandi Varsjárbandalagsríkin vildu ganga í ESB.“

Á hinn bóginn er það í raun ekki svo undarlegt að ganga í „efnahagsbandalag“ til að tryggja öryggi sitt því að það tengist grunnhugmynd Evrópusamstarfsins.

Hugmyndir Frakkanna Jean Monnet og Roberts Schuman, utanríkisráðherra, lutu einmitt að því að stríð væru barátta um auðlindir og með því að deila fullveldi yfir kolum og stáli yrði stríð milli Frakka og Þjóðverja „óhugsandi.“

Silja Bára Ómarsdóttir, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, segir að sú hugmynd að tengja saman efnahagskerfi til að tryggja frið sé enn við lýði í stækkunarferli ESB. „Það er verið að tengja sem flest ríki inn í þetta samfellda net þar sem þau eru svo skuldbundin hvert öðru að þau hafa ekki efni á að fara í stríð.“

Þórir Ibsen hjá fastanefnd Íslands hjá NATO í Brussel skrifaði greinargerð um utanríkis-, öryggis- og varnarmálasamstarf ESB fyrir Evrópunefnd forsætisráðherra með sérstakri áherslu á hvort leita mætti eftir samstarfi við ESB í varnarmálum. Niðurstaða Þóris var að miðað við stöðuna hjá ESB um þessar mundir væri ljóst að samstarf við ESB í varnarmálum væri ekki raunhæft. ESB væri einfaldlega ekki varnarbandalag og ekki væru nein ákvæði um gagnkvæmar varnarskuldbindningar aðildarríkjanna á borð við ákvæði Atlantshafs-sáttmálan. Slík öryggistrygging gafaði raunar upp í stjórnarskrárdrögum Evrópusambandsins vegna ótta ýmissa aðildarríkja við að grafa undan samstarfinu við Bandaríkin.

Valur Ingimundarson, prófessor og formaður Áhættumatsnefndar utanríkisráðuneytisins, segir þó ástæðulaust að gera lítið úr yfirlýsingu ráðherraráðs ESB í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Madrid 2004 en þar var því lýst yfir að verði



Íslensk öryggismál snúast  
fyrst og fremst um borgaraleg  
öryggismál (Soft Security)  
enda stendur Íslandi ekki  
hernaðarógn af neinu ríki.

eitt eða fleiri aðildarríki fyrir hryðjuverkaárás skuldbindi hin ríkin sig til að koma til aðstoðar, meðal annars hernaðarlega. Valur velti því fyrir sér í fyrirlestri, á vegum Alþjóðamálastofnunar 2006, hvort samvinna við Evrópuþjóðir í öryggismálum ætti eftir að taka við af „bandarísku öldinni“ í öryggismálum á Íslandi. Þar benti hann á að þrátt fyrir brottför hersins héldu Bandaríkjamenn áfram að sjá Íslandi fyrir hernaðarlegu öryggi úr fjarlægð en ekki með fastri viðveru herdeilda. „Íslensk öryggismál snúast fyrst og fremst um borgaraleg öryggismál (Soft Security) enda stendur Íslandi ekki hernaðarógn af neinu ríki.“ NATO væri ekki lengur með hugann við að verjast Rússum heldur einbeitti sér að „átakastjórnun,“ svo sem í Afganistan. Því hefði Ísland lítið gildi fyrir NATO nú um stundir.

„Þar sem Ísland er ekki í ESB er ekki að vænta neinnar öryggistryggingar þaðan,“ sagði Valur. „Hins vegar snúast íslensk öryggismál að miklu leyti um Schengen-samstarfið við ESB á sviði landamæraeftirlits, dóm- og löggæslu og aðgerða gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi.“

Það vill svo til að Ísland hefur einmitt svo nána samvinnu við Evrópusambandið á þessu sviði að íslenski dómstálaráðherrann, Björn Bjarnason, situr fundi ráðherra Evrópusambandsins en lönd á borð við Bretland og Írland taka ekki þátt í Schengen-samstarfinu.


Margar tilraunir hafa verið gerðar til að koma á evrópsku samstarfi í öryggis- og varnarmálum en þær hafa yfirleitt runnið út í sandinn. Ástæðan er sú að þegar á hólminn er komið óttast menn að með slíku yrðu tengslin rofin við Bandaríkjamenn í NATO.

Þrátt fyrir það hefur Evrópusambandið tekið að sér sífellt fleiri friðargæsluverkefni á liðnum árum og hafa Íslendingar meðal annars tekið þátt í verkefnum á þess vegum í Bosníu og Hersegóvínu og Makedóníu. Einnig hefur Evrópusambandið haldið úti starfi í Lýðveldinu Kongó og nú síðast í Tsjad.

*Mark Burgess*, forstöðumaður World Security Institute í Brussel, bendir þó á að veikleikar ESB á þessu sviði hafi komið þar berlega í ljós. Í fyrsta lagi hafi Tsjad-verkefnið verið viðbrögð við kröfum um að glíma við ófremdar-ástandið í Darfur en Tsjad hafi orðið ofan á. Í öðru lagi hafi ESB ekki tekist að útvega nægilegan tækjakost. „Það er ekki trúverðugt að ESB hafi ekki einu sinni getað útvegað þyrflur til verkefnisins.“

Burgess segir að litlar líkur séu á að sameiginlegar varnir ESB verði að veruleika. Eingöngu Bretar og Frakkar hafi burði til þess að standa í fararbroddi og áherslur þeirra séu mjög ólíkar.

*Hans Martens*, forstjóri hugveitunnar European Policy Center, segir að öryggis- og varnarmálastefna Evrópusambandsins sé óburðug og það sé langt þar til það búi yfir sameiginlegum vörnum, ef það gerist þá nokkurn tímann „Hins vegar tel ég rétt að líta til framtíðar. Bandaríkjamenn virðast ekki hafa burði til að vera eina risaveldið miklu lengur og fleiri pólar eru komnir í alþjóðastjórn málin. Í þessu sem öðru ættu Íslendingar fremur að líta til framtíðar en fortíðar. Ég tel að Íslandi sé fyrir bestu að vera þar sem hlutirnir eru að gerast og held að á næstu árum verði það einmitt hér í Brussel.“





## Evrópusambandið: heimsveldi í umhverfis-, friðar- og þróunarstarfi

– ESB borgar 40% af útgjöldum Sameinuðu þjóðanna, 56% af allri þróunaraðstoð og gefur tóninn í umhverfismálum í heiminum

Þrátt fyrir margar tilraunir til að koma á fót raunverulegri sameiginlegri utanríkisstefnu Evrópusambandsríkjanna er raunin engu að síður sú að ríkin tala einungis einni röddu þegar það hentar þeim öllum. Skýrasta dæmið er vitaskuld að Bretar og Frakkar eiga enn fast sæti fyrir hönd Evrópuþjóða í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í samræmi við styrk ríkja í lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Þjóðverjar gera kröfu um fast sæti í ráðinu en fáir tala um að Evrópusambandið taki þar sæti. Bandaríkjamenn hafa á hinn bóginn oft auglýst eftir „einu símanúmeri“ sem þeir geti hringt í til að ráða ráðum sínum við „Evrópu.“ Í Lissabon-sáttmálanum, sem tók við af stjórnarskrárdögum ESB, er gert ráð fyrir

að núverandi utanríkisráðgjafi, Javier Solana, verði hækkaður í tign en hann verður ekki formlega utanríkisráðgjafi eins og gert var ráð fyrir.

Hins vegar er ljóst að þegar Evrópusambandið talar einni röddu er það geysilega öflugt. Evrópusambandsríkin reyna að stilla saman strengi og taka sameiginlega afstöðu innan Sameinuðu þjóðanna. Þau fara með tuttugu og sjö atkvæði á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna eða um 15%. „Þetta vekur stundum kurr,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. „Það hefur vissulega verið rætt hvort þetta sé eðlilegt þegar hópur ríkja hagar sér sem eitt væri. Þar að auki eru þarna nokkur af stærstu iðnríkjum heims, þannig að þau hafa mikinn þunga saman, til dæmis í Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.“

Einn hluti af því samráði, sem tengist EES-samningnum, er að Íslandi gefst kostur á að taka undir málflutning ESB í alþjóðamálum eins og það hefur verið orðað.

Evrópusambandsríkin standa sameiginlega straum af 40% af útgjöldum Sameinuðu þjóða kerfisins í heild og ESB tekur við sífellt fleiri verkefnum af alþjóðasamtökunum. Nýjasta dæmið er að sveit Evrópusambandsins mun taka að mestu við hlutverki SP í Kósóvó. Sama var upp á teningnum í

**40%**

Hlutfall allra útgjalda Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra sem Evrópusambandið greiðir.

**56%**

Hlutfall allrar þróunaraðstoðar í heiminum sem kemur úr sjóðum ESB.



*Hins vegar er ljóst að þegar Evrópusambandið talar einni röddu er það geysilega öflugt. Evrópusambandsríkin reyna að stilla saman strengi og taka sameiginlega afstöðu innan Sameinuðu þjóðanna. Þau fara með tuttugu og sjö atkvæði á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna eða um 15%.*

Bosníu og að sumu leyti í Makedóníu þar sem Íslendingar lögðu löggæslusveitum ESB lið. Segja má að Evrópusambandið reyni mjög að endurvinnna þann orðstír sem tapaðist þegar það reyndist ófært um að stilla til friðar á Balkanskaga og varð að láta hervaldi Bandaríkjanna það eftir. „Það má segja að þetta sé bæði nýtt og óvenjulegt sem ESB ætlar að gera í Kósóvó,“ segir Silja Bára. „Það má rekja erfiðleika sambandsins í fyrrverandi Júgóslavíu til þess hve þröngt sameiginlega utanríkisstefnan var túlkuð. Það hafa orðið breytingar á sameiginlegu öryggismálastefnunni 1999 og 2003 sem þýðir að nú er ESB reiðubúð að taka þátt í friðaraðgerðum, jafnvel að senda heri á eigin vegum til að tryggja frið á nágrannasvæðum sem eru skilgreind svo vítt að þau ná suður til Súðans.“

Evrópusambandið hefur svo afgerandi forystu á tveimur sviðum innan alþjóðasamfélagsins en þau eru umhverfis- og þróunarmál. Óhætt er að fullyrða að Evrópusambandið hafi verið í forystuhlutverki bæði við samþykkt Kyoto-bókunarinnar og á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á Bali í desember 2007. Þannig lýsti Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, því yfir að sambandið hefði „tekið forystu“ í baráttunni gegn loftslagsbreytingum í heiminum með því að stefna að tuttugu prósentu niðurskurði á útblæstri koltvísyrings fyrir árið 2020.

Í þróunarmálum tala tölurnar sínu máli: ESB-ríkin og sameiginlegir sjóðir þeirra standa fyrir 56% af allri þróunaraðstoð í heiminum um þessar mundir.





## Evrópusambandið sem valkostur gegn kommúnisma

*Slóvenía er nú, fyrst ríkja sem áður tilheyrðu Austur-Evrópu, í forystu Evrópusambandsins. Sigurður Hróars-son, bókmennta- og leikhúsmáður sem búsettur er í Slóveníu bregður hér upp mynd af Evrópusambandinu út frá sjónarhóli Slóvena.*

Allur þorri Slóvena er þess fullviss að Evrópusambandið sé og hafi verið jafnt sjálfsagður sem óhjákvæmilegur kostur. Menn deila um ágæti þess og árangur, þar sýnist sitt hverjum, ýmsum finnst sem flestu hafi hrakað, þó efast fæstir um sjálfa inn-gönguna.

Evrópusambandið og Nató var KOSTURINN gegn sósíalisma og frekara ríkjasambandi við frænd-þjóðirnar í suðri. Um annað var aldrei kosið, sjálfs-ímynd Slóvena er sú að þeir séu agnarlítill þjóð – tvær milljónir – og innan þeirrar myndar er ekkert rými fyrir belging, þar rúmast engin hugmynd um búsetu án bakhjarls. Einir eigum við engan séns, það sættast Slóvenar á, annað ekki. Þessi sjálfsímynd er römmuð inn af staðháttum og sterkum grönnum. Í Slóveníu mætast landfræðilega þrjár stærstu þjóðflokkar álfunnar, Germanir, Rómanir og Slavar sem ráðið hafa þar öllum ráðum, sem erlent vald, frá öndverðu. Þar „flaut“ einnig lengi víglína kristni og íslam og þar var innrás Tyrkja í Evrópu stöðvuð. Bandamannalaus má Slóveninn sín einskis, það er lærdómur hans af sögunni og spá hans um alla framtíð.

Í upplausn Júgóslavíu var Evrópusambandið vörnin og Nató í markinu, engir varamenn, engum öðrum til að dreifa – það er hinn slóvenski sjónarhóll. Sambandið var ekkert endilega „góður“ kostur þegar frelsið var í höfn og Lýðveldið Slóvenía stofnað á jólum 1991, þegar Slóvenar náðu því langþráða takmarki að ráða sér sjálfir eftir 12 alda áþjón. Því síður eru heimamenn þeirrar skoðunar nú, 17 árum síðar, þótt enn efist enginn um þá tilveru og að annað hafi hreint ekki verið í boði. Frelsið hefur enda í mörgum greinum reynst Slóvenum dýrkeypt, atvinna er ónóg og minni en oftast var í gamla kerfinu, verðlag á nauðsynjum hefur hækkað mikið en tekjur þorra alls almennings ekki að sama skapi. Auður hefur safnast á fáar hendur í skjóli nýs ríkisvalds og ójöfnuður vaxið á ótal sviðum, tiltrú kjósenda á stjórn málaönnnum er lítil og inngróin er almenn vantrú á heilindum þeirra er sitja við völd. Breytir þá engu hvort kjötketillinn er heimavið, í Belgrad eða í Brussel. Nei, tæpast góður kostur, en vissulega bestur. Var og er.

En fæstir skella skuldinni á Evrópu eða lýðræðið. „Allir“ viðurkenna andlegt sem efnahagslegt gjaldþrot kommúnismans og skilja að skuldin verður ekki greidd upp á einni nóttu. „Engum“ kemur til hugar að vilja skipta á því sem er og því sem var þótt draumurinn hafi víðast ekki ræst og frjálsi markaðurinn grimhari en margan grunaði. Ávinningurinn er miklum mun dýrmætari og allir sammála um þann sigur andans að



Allur þorri Slóvena er þess fullviss að Evrópusambandið sé og hafi verið jafnt sjálfsagður sem óhjákvæmilegur kostur. Menn deila um ágæti þess og árangur, þar sýnist sitt hverjum, ýmsum finnst sem flestu hafi hrakað, þó efast fæstir um sjálfa inngönguna.

fallin gaddavirgirding á landamærum sé mikilvægari heilsubót en hafragrautur og viðbit á sanngjörnu verði.

Rok heitir nágranni minn, dæmigerður Slóveni. Aðspurður kvaðst hann hafa litla trú á Evrópusambandinu sem og öðrum nefndum og ráðum stjórnámálanna en lét sér þó ekki koma til hugar að skárri kostur byðist og varði sjónarmiðið með tilvísun í meinta heimsyfirráðastefnu Bush-stjórnarinnar sem hann áleit meiri ógn við heimsfriðinn en kjarnorku og hryðjur úr austri. Rok vildi vera í liði með Þjóðverjum og Ítölum gegn Kananum – af tvennu illu. Þá lýsti hann nánar skoðun sinni á Evrópusambandinu og var hún nánast samhljóma skopstælingu á þýðingu Matthíasar Jochumssonar á sálminum „Ó þá náð að eiga Jesú“.

*Ó þá náð að eiga regnhlíf  
einkanlega í rigningu  
Ó þá náð að halla mega  
höfði sínu að kellingu.  
Regnið þungt til foldar fellur  
fyrir utan gluggann minn  
Það er eins og milljón mellur  
mígi í sama hlandkoppinn.*

Fer vel á því að syngja þennan texta allan við það lag sem orðið hefur eins konar þjóðsöngur Evrópusambandsins, Óð Beethovens til gleðinnar og ímynda sér að textinn fjalli um Evrópusambandið, það passar alveg. Það er sjónarmið Slóvenans – sem sæll mígur með.



ESB séð frá Slóveníu



## Smáríki hafa áhrif ef þau halda sig við aðalhagsmunamál sín

*Ef Ísland hefði einhver áhrif innan Evrópusambandsins væri það ekki í ljósi stærðar sinnar – svo mikið er víst. Íslendingar eru rúmlega þrjú hundruð þúsund talsins – allir íbúar Evrópusambandsríkjanna eru samanlagt nærri hálfur milljarður.*

Ef Ísland yrði tuttugasta og áttunda – og minnsta – aðildarríki Evrópusambandsins, yrði að halda vel á spilunum.

Daninn Hans Martens, forstjóri European Policy Center, bendir á að mörg smærri ríki hafi haft veruleg áhrif, einmitt með því að eiga aðild að Evrópusambandinu. „Maður hefur áhrif ef maður situr við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar og minni ríki hafa hlutfallslega meiri áhrif en stærri ríkin.“

Landi hans, Jens-Peter Bonde, þingmaður á Evrópuþinginu, bendir hins vegar á að Íslendingar séu hálf

prómill íbúanna og eigi því ekki að búast við að hafa mikil áhrif. „Ef þið ætlið í Evrópusambandið ættuð þið að gera það áður en Lissabon-samningurinn verður staðfestur því að samkvæmt honum fá fjölmenn ríki á borð við Þýskaland og kannski Tyrkland, þegar þar að kemur, alltof mikil áhrif.“

Indriði Benediktsson, eini íslenski embættismaður framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, bendir hins vegar á að ákvarðanir séu sárasjaldan teknar með atkvæðagreiðslu í framkvæmdastjórninni. „Ef Ísland væri aðili að Evrópusambandinu hefðum við einn fulltrúa í ráðherraráðinu til jafns við önnur aðildarríki.“

Birgir Tjörvi Pétursson hjá Rannsóknamiðstöð um efnahags- og samfélagsmál er hins vegar efins um áhrif Íslands. „Ég hef ekki trú á að áhrif okkar ykjst miðað við EES-samninginn. Ég hef ekki trú á að okkur farnist betur að þessu leyti, ég held að lýðræðishallinn yrði svipaður.“

Einar Páll Tamimi, stjórnarformaður Evrópuréttarstofnunar HR, segir hins vegar að smáríki geti haft veruleg áhrif ef þau halda rétt á spilunum. „Ég held að reynslan sýni að minni ríki geta valið sér ákveðin svið sem eru næst mikilvægustu hagsmunum þeirra og á þeim sviðum sé hlustað á þau án þess að þau séu raddsterk í öðrum málum. Ef Íslendingar legðu áherslu á fiskveiðimál held ég að það gengi eftir að við hefðum talsverð áhrif.“

**240 milljarðar**

Útflutningur til EES (2007)

**2,4 milljarðar**

Útflutningur til Kína (2007)

**79 milljónir**

Útflutningur til Indlands (2007)



Indriði Benediktsson heldur því fram að ákveðinn styrkur felist í smæð landsins. „Litlar þjóðir eins og Ísland geta skilgreint hagsmuni sína talsvert skýrar en stærri þjóðir. Stórar þjóðir þurfa að hafa skoðanir á öllu en við getum einbeitt okkur til dæmis að sjávarútvegnum.“

Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs og stjórnarmaður í Samtökum iðnaðarins, lítur á þetta út frá öðru sjónarhorni. Hún lítur á Íra sem fyrirmynd. „Ég tel að þetta sé tækifæri fyrir okkur. Ég hef trú á Íslendingum. Við erum vel menntuð þjóð. Ég get nefnt sem dæmi að í mínu fagi, sem er kaffi-framleiðsla, nálgumst við verkefnið með þeim hætti að við kunnum ekkert, lærum af þeim sem kunna og reynum að gera betur. Við eigum að spyrja okkur hvað ESB færir okkur, hvað þessar þjóðir hafa gert til að ná góðum árangri.“

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, eins af stærri útflutningsfyrirtækjum Íslendinga, dregur í efa að rúmlega þrjú hundruð þúsund manna land, nái betri samningum en 500 milljóna manna viðskiptablokk. „Ég tel svo ekki vera. Samningsstaða lítis ríkis sem engu máli skiptir getur ekki verið betri en samningsstaða Evrópusambandsins. Ég er sannfærður um að ESB nær miklu betri samningum en Íslendingar.“

## Er samningsstaða Íslands betri en 500 milljóna viðskiptablokkar?

Sú meginbreyting yrði ef Ísland gengi í Evrópusambandið að samningar landsins við ríki sem ESB hefur ekki gert samning við myndu falla niður. Framkvæmdastjórn ESB færi með forræði samningagerðar við ríki utan sambandsins fyrir hönd Íslands sem myndi þar með ekki geta eitt og sér gert samninga um viðskipti við önnur ríki. Ísland fengi aftur á móti sjálfkrafa aðild að öllum þeim viðskiptasamningum sem ESB hefur gert.

Í viðtali við *Fréttablaðið* 21. febrúar 2008 sagði Geir H. Haarde, forsætisráðherra, það kost að Ísland standi utan við Evrópusambandið vegna uppgangs nýrra efnahagsstórvelda á borð við Kína og Indland. Hann nefndi nýlegan samning EFTA og Kanada og samning Íslands og Kína sem er í farvatninu. „Þetta getum við af því að við höfum til þess meira svigrúm en aðildarþjóðir Evrópusambandsins sem afsala sér fullveldi gagnvart þessu til sambandsins.“

Engir fríverslunarsamningar hafa þó verið gerðir við þessi ríki enn sem komið er. Ísland flutti út vörur til Kína að andvirði tæplega 2,4 milljarða árið 2007 og fyrir 79 milljónir til Indlands sama ár. Til samanburðar má nefna að útflutningur til EES-svæðisins var um 240 milljarðar á sama tíma eða hundrað sinnum meiri en til Kína.

Fríverslunarviðræður við Kína sem nú eru í farvatninu eiga að ná til viðskipta með vörur, auk þess sem þar verður væntanlega jafnframt að finna ákvæði um samstarf ríkjanna á öðrum sviðum, svo sem þjónustuviðskiptum, fjárfestingum og verndun hugverkaréttinda.

EFTA og Indland hafa síðan sett á stofn sameiginlega viðræðuhópa til að skoða hugsanlega fríverslunarsamninga.

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, eins af stærri útflutningsfyrirtækjum Íslendinga, dregur í efa að rúmlega þrjú hundruð þúsund manna land nái betri samningum en 500 milljóna manna viðskiptablokk. „Ég tel svo ekki vera. Samningsstaða lítis ríkis sem engu máli skiptir getur ekki verið betri en samningsstaða Evrópusambandsins. Ég er sannfærður um að ESB nær miklu betri samningum en Íslendingar.“

EFTA hefur á undanförunum árum komið á viðtæku neti fríverslunarsamninga við lönd sem ekki tilheyrta Evrópusambandinu. Í Evrópuskýrslu forsætisráðherra er bent á að EFTA hafi gert fríverslunarsamninga við Chile, Egyptaland, Króatíu, Ísrael, Jórdaníu, Líbanon, Suður-Kóreu, Makedóníu, Mexíkó, Marokkó, Palestínu, Singapúr, Suður-afrikska tollabandalagið (Suður-Afrika, Botswana, Lesótó, Namibía og Svasíland), Túnis og Tyrkland.

Ólafur Stephensen, stjórnmaáfræðingur og ritstjóri, segir hins vegar að oftast semji EFTA-ríkin á svipuðum nótum og ESB hafi þegar gert. „Þannig hefur EFTA gert flesta sína fríverslunarsamninga undanfarin ár, siglt í kjölfarið og samið við ríki, sem ESB hefur þegar gert fríverslunarsamninga við.“





## Aukið vægi orku- og umhverfismála í ESB

*Þótt EES samningurinn hafi verið hugsaður sem samningur um frjáls viðskipti, má segja að umhverfismálin hafi gerst eins konar laumufarþegi. Meginhluti umhverfisreglna ESB hefur þannig þegar verið tekinn upp á Íslandi með EES-samningnum. Enginn vafi leikur á því að umhverfis- og orkumál eiga eftir að leika stórt hlutverk í stjórnmálum þessarar nýbyrjuðu aldar.*

Evrópusambandið hefur einsett sér að vera í forystu í baráttu gegn loftslagsbreytingum í heiminum. Stefnt er að því að minnka losun koltvísýrings um 20% fyrir 2020 og sömuleiðis eiga 20% orku að koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Ljóst er að aðgerðir ESB í loftslagsmálum munu beint og óbeint snerta Ísland og ekki síst afstaða þeirra í viðræðum á vegum Sameinuðu þjóðanna en þar talar sambandið einni röddu.

Ólafur Stephensen, ritstjóri 24 stunda, bendir á að vísindamenn á vegum Evrópusambandsins séu nú að kortleggja endurnýjanlegar orkulindir í nágrenni ESB og þar séu orkulindir Íslands ofarlega á blaði, „ekki síst vegna þess að mönnum hugnast ekki að

vera háðir orku frá Rússum“. Ég held að við getum notað þessar orkulindir í samskiptum við ESB og jafnvel í aðildarviðræðum,“ segir Ólafur.

Iðnaðarráðuneytið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins efndu til málþings um jarðhita í tengslum við endurnýjanlega orkuviku í Brussel í febrúar 2008. Andris Piebalgs, orkumálastjóri framkvæmdastjórnar ESB sótti málþingið og gaf í skyn í ræðu sinni að of lítilt gaumur hefði verið gefinn að möguleikum jarðhita til orkuframleiðslu. Talið er að jarðhiti geti fullnægt 1,2% af allri orkunotkun Evrópusambandsríkjanna. Lárus Eltasson, forstjóri orkufyrirtækisins Enex, sagðist telja að í flestum löndum Austur-Evrópu væri hægt að sækja meira en 4% af orkunotkun til jarðhita og meira að segja í Þýskalandi gæti hlutfallið orðið 1-2%.

Nýlega var ákveðið að EFTA-ríkin Ísland, Noregur og Liechtenstein gætu tekið þátt í viðskiptum Evrópusambandsríkjanna með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Tilskipun ESB þess efnis var tekin upp í EES-samninginn í ársbyrjun 2008. Í *Stiklum*, fréttabréfi utanríkisráðuneytisins segir að mjög lítið af útblæstri á Íslandi falli undir núverandi gildissvið tilskipunarinnar. ESB stefni hins vegar að því að útvíkka gildissviðið. „Flugsamgöngur hafa sérstaklega verið nefndar í því sambandi og er nú stefnt að því að fella þær undir gildissvið tilskipunarinnar, líklega í skrefum frá árinu 2011. Gert er ráð fyrir að flugfélög verði að standa skil á

### 1,2%

Hugsanleg hlutdeild jarðhita í orkunotkun ESB ríkjanna



Eitt af markmiðum ESB er að reyna að draga úr flugumferð með skattlagningu og hygla lestarsamgöngum sem taldar eru umhverfisvænni. Ljóst er að Íslendingar eiga talsvert mikið undir útfærslu málsins enda munu Íslendingar seint halda utan í járnbrautarlest.

losunarheimildum fyrir allt flug innan og til Evrópusambandslanda hvort sem þau eru skráð í ESB-ríki eður ei.“

Eitt af markmiðum ESB er að reyna að draga úr flugumferð með skattlagningu og hygla lestarsamgöngum sem taldar eru umhverfisvænni. Ljóst er að Íslendingar eiga talsvert mikið undir útfærslu málsins enda munu Íslendingar seint halda utan í járnbrautarlest.

Í skýrslu Evrópunefndar forsætisráðherra er bent á að viðkvæmar spurningar gætu vaknað í aðildarvið-

ræðum um tiltekin atriði sem eftir eru. Þar segir að samræmdar reglur séu um náttúruvernd utan EES-samningsins, jafnt náttúruvætti sem verndaða stofna. Kæmi til aðildarviðræðna þyrfti sérstaklega að taka á veiðum á stofnum sem njóta verndar innan ESB og má nefna sem dæmi refi, rjúpur og lunda. Þá mætti einnig ætla að hvalveiðar og selveiðar Íslendinga mættu mikilli andstöðu áhrifamikilla aðila innan ESB og gæti það orðið ásteytingarsteinn, ekki síst á vettvangi Evrópuþingsins.





## Margir eru tregir í taumi en meirihluti er fylgjandi

*Árni Snævarr hefur í starfi sínu sem fréttamaður fylgst náið með Evrópusambandinu en hann er nú búsettur í Brussel.*

Ég mun aldrei gleyma því að hafa verið á Ráðhústorginu þegar Danir höfnuðu Maastricht-samningnum í Þjóðaratkvæðagreiðslu 1992. Ég var þá fréttamaður Ríkisútvarpsins í Kaupmannahöfn og þegar Frakkar héldu Þjóðaratkvæðagreiðslu var ég sendur á staðinn, kannski sem sérfræðingur í ESB pirringi. Ég var líka á blaðamannafundi Laurent Fabius, þáverandi forsætisráðherra Frakka og heyrði hann flugmælskan lýsa því að „la construction européenne“ – orðrétt, evrópsku uppbyggingunni, hefði verið bjargað fyrir horn þegar Frakkar samþykktu með sjónarmun sama samning.

Hins vegar var ég ekki viðstaddur þegar sami Fabius gerðist síðar andstæðingur stjórnarskrár ESB og fagnaði sigri í Þjóðaratkvæðagreiðslu hálfum öðrum áratug síðar. Helstu rök hans voru að berjast þyrfti gegn hnattvæðingunni og endurreisa fullveldi Frakklands. Reyndar sömu rök og Jens Peter Bonde notaði í baráttunni gegn Maastricht-samningnum á sama tíma og Fabius var að vinna honum fylgi í Frakklandi, en sleppum því í bili.

Ég var hins vegar líka námsmaður í Frakklandi þegar Fabius varð forsætisráðherra í stjórn Mitterrand – þá annálaður hægrikrati. Sú stefna Francois Mitterrand forseta sósíalista að auka hagvöxt með aukningu

ríkisútgjalda beið skipbrot í Frakklandi í byrjun níunda áratugar síðustu aldar og Fabius varð Blair á undan Blair. Hann var helsti talsmaður þeirrar stefnu að þenslustefna gæti ekki gengið án þess að loka hagkerfi með efnahagslegum „Berlínarmúr“ því peningarnir flýðu einfaldlega þangað sem betur væri búið að þeim. Fjármagnið flúði úr landi og Mitterrand fékk ekki rönd við reist, vaxtahækkanir dugðu ekki til. – Kannast einhver við ástandið?

Samkomulag tókst á milli hans og Kohl, og síðar Thatcher, sem leiddi til innri markaðarins sem nokkrum árum síðar teygði sig til okkar á Íslandi í gegnum EES. Það var engin tilviljun að Jacques Delors, fjármálaráðherra Mitterrand á þessu niðurlægingsarskeiði, var orðinn forseti framkvæmdastjórnar ESB þegar smiðshöggvið var rekið á verkið. Innri markaður-inn var einn hluti lausnarinnar, hinn hlutinn var stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu – þar stakk Thatcher af – því franskir frankinn lenti í nákvæmlega sömu erfiðleikum og íslenska krónan upp á síðkastið. Hann laut í lægra haldi fyrir sterkari mynt; þýska markinu. Brautin var rudd fyrir evrunni sem byggir á grunni marksins.

Þegar Danir höfnuðu Maastricht greiðdu þeir hugmyndinni um Bandaríkji Evrópu rothögg í eitt skipti fyrir öll. En þeir voru hins vegar ekki að hafna aðild að Evrópusambandinu eins og margir virtust telja hérlendis. Ég varð mjög var við þetta þegar ég fjallaði um Maastricht-kosningarnar í Danmörku og Frakklandi.



Kannanir eru gerðar tvisvar á ári í Evrópusambandslöndunum um afstöðu til ESB og þær tala sínu máli. Evrópusambandið hefur ekki haft meiri meðbyr síðan 1994 en 58% íbúa ríkjanna 27 telja að það hafi verið löndum sínum til góðs að ganga í sambandið.

Þrátt fyrir alla umræðuna í bæði dönskum og breskum fjölmiðlum á þessum tíma um hvernig ESB ákvarðaði hvað teljist banani og hvað ekki, samræmda smokkastærð og svo framvegis, voru og eru bæði Bretar og Danir fylgjandi aðild lands sinna að Evrópusambandinu. Kannanir eru gerðar tvisvar á ári í Evrópusambandslöndunum um afstöðu til ESB og þær tala sínu máli. Evrópusambandið hefur ekki haft meiri meðbyr síðan 1994 en 58% íbúa ríkjanna 27 telja að það hafi verið löndum sínum til góðs að ganga í sambandið.

Stuðningurinn er mestur í Benelúxlöndunum, Lúxemborg, Hollandi og Belgíu og á Írlandi eða á bilinu 74 til 82%. Mikil stuðningur í Hollandi vekur ekki síst athygli því þeir felldu jú stjórnarskrá ESB. Danir sem einnig eru tregir í taumi koma fast á hæla forystulandanna en 67% Dana eru ánægðir með aðildina. Frakkar, sem einnig felldu stjórnarskrá ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu, eru nú fyrir ofan meðallag með 60% stuðning. Bretar eru tregastir í taumi allra ESB þjóða en þó eru talsvert fleiri ánægðir en óánægðir með aðild eða 34% en 28% eru óánægðir. Ánægjan hefur minnkað um fimm prósentustig á einu misseri en hafa ber í huga mikla gagnrýni á að Lissabon-sáttmálinn verður ekki borinn undir þjóðina í atkvæðagreiðslu.

En þótt á ýmsu hafi gengið með afstöðu til dæmis Breta til Evrópusambandsins og uppbyggingar þess er ein hugmynd sem aldrei er nefnd: að gerast aðilar að EES. Ekki ein einasta þjóð í Austur-Evrópu hefur heldur sýnt því áhuga og Tyrkir ná ekki upp í nef sér ef hugmyndin er viðruð. Það hefur enginn nokkurs staðar áhuga á EES, nema á Íslandi. En ef þetta er svona góð lausn, hvers vegna skyldi enginn annar hafa áhuga á henni?



### Afstaða íbúa aðildaríkja til ESB

|           |     |
|-----------|-----|
| Lúxemborg | 82% |
| Holland   | 79% |
| Belgía    | 74% |
| Írland    | 74% |
| Danmörk   | 67% |
| Frakkland | 60% |
| Bretland  | 34% |

(Eurobarometer, 2007)

## Meirihluti fylgjandi að taka upp aðildarviðræður

Meirihluti landsmanna er fylgjandi því að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið og talsvert fleiri eru hlyntir en andsnúnir aðild að sambandinu og upptöku evrunnar. Þetta eru helstu niðurstöður fylgiskönnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins í janúar 2008.

Hreinn meirihluti eða 54% er fylgjandi því að taka upp aðildarviðræður en 30,3% eru á móti. Spurt um fylgi við aðild að ESB svöruðu 44,1% játandi en 34,3% voru á móti. 47,8% vildu taka upp evruna en 39% voru því andsnúnir.


Fylgi, jafnt við aðildarviðræður, aðild og evruna hefur minnkað örlítið frá því í síðustu könnun í ágúst 2007. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir sem stýrði gerð könnunarinnar fyrir Capacent Gallup segir að karlar séu almennt hlyntari aðild en konur, íbúar

Suðvesturhornins séu jákvæðastir gagnvart aðild að ESB en íbúar Norðausturlands hafi neikvæðust viðhorf til Evrópusambandsins. Tengsl aldurs og viðhorfa til aðildar fara eftir kyni. Enginn munur er á viðhorfum karla eftir aldri en konur eru neikvæðari gagnvart aðild að sambandinu eftir því sem þær eru eldri.


### Hvað er fólk að hugsa?

Í viðamikilli rannsókn sem Capacent gerði fyrir Samtök iðnaðarins árið 2007 kom margt forvitnilegt í ljós. „Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að fólk er almennt nokkuð sammála um helstu kosti og galla Evrópusambandsaðildar,“ segir Guðbjörg. „Kostir sem svarendur tilgreindu eru einkum þeir að hægt væri að taka upp evru, búast mætti við lækkun vöruverðs og vaxta, auk meiri stöðugleika í efnahagslífinu. Það sem svarendur töldu helstu galla og óttuðust mest voru neikvæð áhrif á sjávarútveg og landbúnað og skert sjálfstæði en margir óttast að


### VIÐHORFSKÖNNUN CAPACENT - 16. - 29. JANÚAR 2008




Ertu hlynt(ur) eða andvíg(ur) því að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið?



Ertu hlynt(ur) eða andvíg(ur) því að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi í stað íslensku krónunnar?



Telur þú að aðild að Evrópusambandinu yrði almennt hagstæð eða óhagstæð fyrir lífskjör þín?



Telur þú líklegt eða ólíklegt að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu?



Hreinn meirihluti eða 54% er fylgjandi því að taka upp aðildarviðræður en 30,3% eru á móti. Spurt um fylgi við aðild að ESB svöruðu 44,1% játandi en 34,3% voru á móti. 47,8% vildu taka upp evruna en 39% voru því andsnúnir.

áhrif Íslands á stefnu og ákvarðanir Evrópusambandsins yrðu lítil.“

Mikill munur er á afstöðu til aðildar eftir stjórn mála-sköðunum en drjúgur meirihluti þeirra sem styðja Samfylkinguna er hlynntur aðild að ESB. Meðal stuðningsmanna Framsóknarmanna-, Sjálfstæðis-flokks og Vinstri grænna eru hins vegar töluvert fleiri andvígir en hlynntir aðild þó það sé í engu tilfelli yfir 50%.

Harðsnúnustu stuðningsmenn Evrópusambandsaðildar er því væntanlega að finna í hópi háskóla-menntaðra, tekjuhárra karlmannna á höfuðborgarsvæðinu, sem styðja Samfylkinguna og telja alþjóðavæðingu og fjölgun útlendinga vera af hinu góða.

Guðbjörg segir athyglisvert að nokkuð stór hópur, sérstaklega kvenna telji sig ekki hafa nægar upplýsingar til að taka afstöðu til Evrópusambandsaðildar, en mikill munur sé á afstöðu til aðildar eftir kyni, aldri og búsetu. „Viðmælendur í rýnihópum og svarendur í könnun töldu sig vart geta treyst því sem stjórn málamenn segja um Evrópusambandsaðild. Þeir óttast að stjórn málamenn eða aðrir talsmenn með eða móti aðild væru meðvitað að sleppa því að ræða þá hluti sem gætu skapað neikvæð viðhorf almennings til stefnu þeirra, hvort sem hún væri með eða á móti inngöngu í Evrópusambandið. Þátttakendur virtust vera hræddir um að það væru hagsmunir talsmannanna sem væru ráðandi í umræðunni en ekki hagsmunir þjóðarinnar.“


Fram kom að fólk treysti best upplýsingum frá fræðimönnum sem fjölluðu bæði um kosti og galla

aðildar. Jafnframt voru margir þeirrar skoðunar að æskilegt væri að fjalla um Evrópusambandið í fjölmiðlum út frá því hver áhrif aðildar væru á hinn almenna íbúa. T.a.m. væri gott að heyra viðhorf almennra íbúa í löndum sem væru nú þegar í sambandinu og byggju að einhverju leyti við sambærilegar aðstæður og Íslendingar, s.s. Danir, Finnar, Írar og Svíar.



## VIÐHORFSKÖNNUN CAPACENT 20. - 29. FEBRÚAR 2008

Ertu hlynnt(ur) eða andvígur aðild Íslands að Evrópusambandinu?



Þeir sem höfðu annars vegar sagst hlynntir því að taka upp evru en hins vegar ekki sagst hlynntir aðild að ESB voru spurðir um afstöðu til aðildar ef það væri eina raunhæfa leiðin til að taka upp evru. Svörum þeirra er bætt við niðurstöður þegar spurt var beint um afstöðu til aðildar. Við það fjölgaði þeim sem sögðust hlynntir aðild úr 43,3% í 49,8% og þeim sem sögðust andvígir aðild fækkaði úr 35,1% í 32,8%. Þeim sem svára hvorki né fækkar úr 21,6% í 17,4%.



*Samtök iðnaðarins*

*Borgartúni 35 – 105 Reykjavík – Sími 591 0100 – Fax 591 1010 – mottaka@si.is – www.si.is*